

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Ný sýn á ferðabjónustu
Gíslunn og Mathias vilja
tvinna saman ferðabjónustu
og orkuíðnað á Íslandi.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. febrúar 2012
31. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt retriðalokunum Capacent Gallup júlí - september 2011



Dagur leikskólans

Formaður leikskólakennara
segir frjótt og gott starf
unnið innan leikskólanna.

tímamót 18

Lífeyrissjóðir nánast það eina sem stendur

Flest sem kemur fram
í úttekt á starfsemi
lífeyrissjóðanna var vitað,
segir Arnar Sigurmundsson.

lífeyrissjóðir 8




Slær í gegn í Swansea

Gylfi Þór Sigurðsson var
maðurinn á bak við sigur
sinna manna um helgina.

sport 26

veðrið í dag



ALLHVASST V-TIL Í dag verður
rigning eða súld S- og V-til og
allhvasst. Hægari vindur A-til og
þurrt að kalla NA-lands. Lægir í
kvöld. Hiti 5-12 stig.

VEÐUR 4

**16 dagar
til Öskudags**

Sjáðu búningana okkar
á Facebook

Barnabúningar: 1.490
2.990 og 4.990

PARTÝBÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

Vildu loka Þjóðleikhúsinu

Haustið 2009 lagði fulltrúi AGS á Íslandi lokun menningarstofnana ríkisins til sem sparnaðarleið. Þjóðleikhúsið var sérstaklega nefnt sem dæmi um fórn sem nauðsynleg væri að færa, eins og það var orðað.

FJÁRMÁL Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi gerðu það að tillögu sinni um það leyti sem fjárlagagerð stóð yfir haustið 2009 að loka ríkisreknum menningarstofnunum í sparnaðarskyni. Þjóðleikhúsið var nefnt sérstaklega á nafn og skyldi lokunin standa í þrjú ár. Tillögu AGS var alfarið hafnað.

Þetta kom fram í máli Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á Alþingi á föstudag þegar hún flutti munnlega skýrslu fyrir þinginu um málefni safna hér á landi. „Og þetta var nefnt í fullri alvöru,“ sagði Katrín.

Í viðtali við Fréttablaðið útskýrir



Og þetta var nefnt í fullri alvöru.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
MENNTAMÁLARÁÐHERRA

ráðherra að þegar hugmyndin var orðud við íslensk stjórnvöld hefðu fulltrúar AGS í sjálfu sér ekki gert sérstakan greinarmun á menningarstofnunum sem þeir töldu að mætti loka í þrjú ár í sparnaðarskyni.

„Þetta var meðal ýmissa hugmynda þeirra um niðurskurð og samdrátt, og nefnt sem fórn sem gæti þurft að færa,“ segir Katrín. „Almennt var það nefnt

sem lausn að loka stofnunum tímabundið.“

Að sögn Katrínar voru allar menningarstofnanir sem reknar eru af íslenska ríknu undir í hugmyndinum AGS, til dæmis höfuðsöfnin Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi slíkar lokanir þó aldrei komið til greina.

Þessar hugmyndir AGS sýna vel hvers konar áskorun stjórnvöld stóðu frammi fyrir þegar niðurskurðarhnífurinn fór á loft eftir hrúnið en Katrín nefnir að aðgerðir eins og þessar hefðu haft gríðarlega neikvæð áhrif á íslenskt samfélag, og öðruvísi væri yfir að líta hér á

landi ef þessum hugmyndum AGS hefði verið gefinn frekari gaumur. Hugmyndunum hafi hins vegar verið hafnað samstundis og ekki ræddar sem möguleiki við aðhaldsaðgerðirnar sem þá gengu í garð.

Við Þjóðleikhúsið starfa milli 400 og 500 manns á hefðbundnu leikári. Í ársskýrslu leikhússins fyrir árið 2010 kemur fram að aðsókn jókst fimmta árið í röð; tæplega hundrað þúsund manns sóttu 24 sýningar.

Á fjárlögum ársins 2010 var fjárveiting til Þjóðleikhússins rúmlega 700 milljónir króna en 647 árið 2011. Á fjárlögum þessa árs eru milljónirnar 679. - sh



KLAKAVERÖLD Í SVISS

Eigandi þessarar bifreiðar við bakka Genfarvatns í Sviss ætti væntanlega fullt í fangi með að skafa af rúðunum, ef honum dytti í hug að hreyfa bílinn, en þá væri eftir að losa dekkinn úr klakanum. Það spillir þó ekki ánægju stelpunnar sem gengur framhjá, enda nýtur hún stuðnings pabba síns og afa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinir Sjonna vinsælir:

Eftirsóttir hjá útlendingum

TÓNLIST Vinir Sjonna njóta enn mikilla vinsælda ári eftir að sveitin steig á svið fyrir Íslands hönd í Eurovision-keppninni í Þýskalandi.

Sveitin, sem flutti lagið Coming Home í keppninni, hefur síðan þá fengið fjölda fyrirspurna frá útlöndum, einkum í gegnum íslenskar ferðaskrifstofur og fyrirtæki sem halda ráðstefnur hérlendis.

„Það hafa verið að koma hingað hópar frá Evrópu sem hafa spurt hvort þessi hópur sé ennþá starfandi og spilahæfur og hvort hægt sé að fá hann til að skemmta,“ segir Pálmi Sigurhjártarson úr Vinum Sjonna. „Við erum alltaf boðnir og búnir þegar við getum. Það er skemmtilegt að þetta atriði okkar hafi vakið athygli í Eurovision og að fólk sé að þæla aðeins í þessu.“ - fb / sjá síðu 30



PÁLMI
SIGURHJARTARSON

Áætlað er að ráðast í Hverahlíðarvirkjun með svonefndri verkefnafjármögnun:

Lífeyrissjóðir fjármagni virkjun

VIÐSKIPTI Náist samningar milli Orkuveitu Reykjavíkur (OR), lífeyrissjóðanna og Norðuráls verður lagt upp í gerð Hverahlíðarvirkjunar með svokallaðri verkefnafjármögnun. Selja á orku úr virkjuninni til álvers Norðuráls í Helguvík.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengu OR og Norðurál KPMG til þess að leita lausna á þeim hnút sem orkuöflun til virkjunarinnar var komin í.

Í fyrra komst gerðardómur að því að orkusamningar Norðuráls og HS Orku skyldu standa. Hugur OR mun ekki hafa staðið til að fara sömu leið með samninga sína við Norðurál.

KPMG hefur þegar kynnt stjórn OR hvernig ráðast mætti í gerð virkjunarinnar með því að stofna



HELGUVÍK Orka úr fyrirhugaðri Hverahlíðarvirkjun yrði seld til álvers Norðuráls í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um hana sérstakt félag, sem að stærstum hluta yrði í eigu lífeyrissjóðanna.

Herma heimildir blaðsins að Norðurál sé opið fyrir viðræðum og lífeyrissjóðirnir jákvæðir fyrir fjármögnun.

Síðastliðinn föstudag kynnti svo forstjóri OR málið fyrir sveitarstjórnarmönnum sveitarfélaga sem að OR standa.

Verði af verkefninu gangast Orkuveitan og eigendur hennar ekki í ábyrgðir vegna lána tengdum verkefninu.

Orkuveitan sér hins vegar um byggingu og rekstur virkjunarinnar samkvæmt samningi þar að lútandi. Orkuveitan á jafnframt jarðhitasvæðið, en leigir félaginu nýtingarrétt. - óká

Heimilis
RIFINN OSTUR

ÓDYRT

NYJUNG

370 g

100% ISLENSKUR OSTUR



Sara, er þetta skemmtilegur dúetti?

„Já, svona líka! Bæði gleði og drama í dúr og moll.“

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur hafa stundað „dúettamálun“ í 18 mánuði.

Reglum um kjör biskups og vígslubiskupa breytt á aukakirkjuþingi:

Póstkosning í stað rafkosningar

ÞJÓDKIRKJAN Starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa var breytt á aukakirkjuþingi sem fram fór í Grensáskirkju á laugardag.

Teknar verða aftur upp póstkosningar í stað rafræna kosninga eins og var fyrirhugað. Það var gert að beiðni kjörstjórnar sem taldi að kosningin yrði öruggari með póstkosningu.

Jafnframt var kosin fimm manna nefnd sem er ætlað þá hlutverk að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og á



PÉTUR KR. HAFSTEIN

um þá skoðun sína að allt þjóðkirkjufólk, ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum, ætti að

hún að skila störfum á kirkjuþingi sem kemur saman næsta haust.

Í setningaræðu sinni á aukakirkjuþingi ræddi Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings,

um þá skoðun sína að allt þjóðkirkjufólk, ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum, ætti að

njóta kosningarréttar til biskupskjörs sem og kirkjuþings. Þá sagði Pétur að brýnasta verkefni kirkjunnar um þessar mundir væri að endurheimta traust og trúnað og ná til þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sig eiga lengur samleið með kirkjunni.

Í nefndinni sem mun endurskoða kosningareglur sitja Gísli Baldur Garðarsson formaður, dr. Þorkell Helgason, Inga Rún Ólafsdóttir, Pétur B. Þorsteins-son og sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir.

Kópavogur enn án meirihluta:

Viðræður halda áfram í dag

KÓPAVOGUR Viðræður um myndun nýs meirihluta í Kópavogi eru áformaðar í dag.

Ómar Stefánsson, oddviti framsóknarmanna, sagði í samtali við Vísi í gærkvöld, að hann hefði verið í símasambandi við oddvita sjálfstæðismanna og lista Kópavogsbúa.

Ómar sagði viðræðurnar mjakast áfram en of snemma væri að segja til um hvenær væntanlegur meirihluti liti dagsins ljós í bænum. Hann sagði oddvita flokkanna þriggja hittast í dag.

Athugull sjómaður fann sýkingu í ufsa

Til rannsóknar er bandormstegund sem fundist hefur í ufsa á Íslandsmiðum. Ormurinn hefur ekki greinst í þessari fisktegund áður, hvorki hér né erlendis.

LÍFRÆÐI Áður óþekkt bandormsýking í ufsa, sem er mikilvægur nytjafiskur á Íslandsmiðum, er til rannsóknar hjá Biopol sjávarlíftæknisetri á Skagaströnd og Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Bandormurinn er þekktur erlendis en engin vitneskja virðist liggja fyrir um þessa tegund bandorms í ufsa.

Kveikjan að rannsókninni var athugull sjómaður um borð í frystitogaranum Arnari HU 1 frá Skagaströnd, en eftir nokkurra ára frí frá sjómennsku tók hann eftir breytingu á ufsanum þegar hann kom aftur um borð. Starfsfólki Biopol búrast sýnishorn af sýktum fiski og í framhaldi af því var sótt um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Í krafti styrksins verður leitast við að kortleggja útbreiðslu sýkingarinnar með söfnun á fiskum vítt og breitt um íslensku efnahagslögsöguna. Að rannsókninni koma auk Biopol og Tilraunastöðvarinnar að Keldum, sjávarútvegsfyrirtækið Fisk Seafood, eigandi Arnars HU, en sýnataka verður í höndum sjómanna um borð. Um þúsund sýnum verður safnað áður en upp verður staðið.

Árni Kristmundsson, deildarstjóri fisksjúkdómadeildar að Keldum, segir bandorminn ekki skaða fiskinn í sjálfa sér. Helst er að hann rýri verðmæti afurða, þó að Árni leggi á það þunga áherslu að ekki megi draga stórar ályktanir um hvað sé hér á ferðinni. Fyrst og síðast sé þetta forvitnilegt. Hann svarar því játandi að áhrif hlýnandi veðurfarar geti verið um að kenna. „Öll dæmi sem ég hef fundið um þessa tegund eru frá mun suðlægari slóðum,“ segir Árni.



ORMURINN Hér sést bandormurinn í hendi starfsmanns hjá Biopol. Ormurinn er um fimm sentimetrar að lengd.

Frumgreining bandormsins bendir til ...

- Frumgreining hefur farið fram á tegundinni og virðist hún tilheyrja bandormategundum af flokki Trypanorhyncha. Tegundir innan þessa flokks eru allþekktar erlendis, þó einkum fullorðinsstig þeirra.
- Lífsferill þessara tegunda krefst minnst þriggja ólíkra hýsla. Fyrsta lírfustig ormannanna finnst í ýmsum hryggleysingjum, þá einkum dýrasvífi. Annað lírfustig finnst í ýmsum tegundum fiska, bæði botnlægra tegunda sem og miðsjávarfiska. Fullorðinsstigið finnst svo í meltingarvegi brjóskfiska, eða hákarla og/eða skata.
- Tegundir af þessum flokki eru almennt ekki taldar skaðlegar hýsli sínum en geta hins vegar rýrt verðmæti afurða.

Spurður hvort bandormurinn gæti tekið sér bólfestu í öðrum hvítfiskegundum, eins og þorski, segir Árni að erfitt sé að meta það. „Þessi tegund, sem ég tel að þetta sé, er hins vegar mjög ósérhæfð á hýsla. Þetta er fæðuborin sýking og ef aðrar tegundir eru að éta það sama og ufsinn þá er ekki hægt að útiloka slíkt.“

Halldór G. Ólafsson, framkvæmdastjóri Biopol, bendir á að það sé ekki síst athyglisvert

hvernig tilvist bandormsins rataði inn í þann farveg sem málið sé í. „Nálægð okkar við sjómenn og viðfangsefnið gerir það að verkum að þessi sýking er til skoðunar. Það sprettur upp ýmislegt áhugavert vegna þessarar nálægðar, enda býr hjá þessu fólki vitneskja sem finnur sér kannski síður farveg ef ekki væru rannsóknastofnanir úti um land,“ segir Halldór.

svavar@frettabladid.is

Slys í hlífum Esjunnar:

Vélsleðamaður slasaðist á Esju

SLS Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug með slasaðan mann á Landspítalann í Fossvogi í gær eftir að hann féll af vélsleða sínum í fjallshlíðum Esjunnar í gær.

Maðurinn fékk höfuðhögg þegar hann féll en var með meðvitund. Hann kvartaði undan eymslum í hálsi og baki. Átta vélsleðamenn úr björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar sinntu aðgerðum á slysstað og nutu aðstoðar þyrlunnar við flutning á spítala. Í tilkynningu frá Landsbjörgu kom fram að björgunaraðgerðin hefði gengið vel enda var gott færi fyrir vélsleða og einmuna veðurlíða. - fb

Forseti kosinn í Finnlandi:

Sauli Niinistö hreppti hnossið

FINNLAND, AP Sauli Niinistö, íhaldssamur Evrópusinni, bar sigur úr þýtum í seinni umferð forsetakosninganna í Finnlandi í gær.

Hann fékk 63 prósent atkvæða og tekur því við af Tarja Halonen, sem gegnt hefur embættinu í tvö kjörtímabil, samtals tólf ár, við miklar vinsældir.

Niinistö verður fyrsti forseti landsins sem ekki er sósíaldemókrati.

Í seinni umferðinni völdu kjósendur milli Niinistö og Pekka Haavisto, frambjóðanda Græningjaflokksins, sem fékk 37 prósent atkvæða. Haavisto varð fyrstur samkynhneigðra til að bjóða sig fram til forseta.

Niinistö hlaut 37 prósent í fyrri umferð kosninganna en Haavisto 19 prósent. - gb



SAULI NIINISTO

Línur skýrast vestanhafs:

Romney virðist vera ósigrandi

BANDARÍKIN, AP Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, virðist nú ósigrandi í kosningabaráttu repúblikana, sem sækjast eftir því að verða forsetaefni flokksins.

Eftir stórsigur í Flórída í síðustu viku vann Romney einnig sigur í Nevada á laugardag, og er því kominn með nánast ófyrstíganlegt forskot á Newt Gingrich, fyrrverandi forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings.

Eitthvað gæti þó saxast á það forskot á morgun, þegar forkosningar verða haldnar í Minnesota. Harðir íhaldsmenn eru þar á miklu flugi og fjölmennu væntanlega til forkosninga, sem gæti tryggt Gingrich sigur. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kastaðist á þriðju bifreiðina

Bifreið var ekið á aðra bifreið á Arnarhrauni í Hafnarfirði á laugardag. Sú bifreið kastaðist á þriðju bifreiðina. Bifreiðinni sem olli tjóninu var ekið af vettvangi en á Flókagötu í Reykjavík var hún stöðvuð og er ökumaður grunaður um akstur undir áhrifum vímuefna.

Bandaríkjastjórn hvetur til aðgerða gegn Assad Sýrlandsforseta:

Segir neitun Rússa skrípaleik

SÝRLAND, AP Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvetur „vini lýðræðislegs Sýrlands“ til þess að standa saman gegn Bashar al-Assad Sýrlandsforseta.

Hún kallar það skrípaleik að Rússar og Kínverjar hafi beitt neitunarvaldi sínu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna gegn ályktun, sem ætlað var að þrýsta á Assad forseta og stjórn hans.

Riad al-Asaad, yfirmaður í bardagsveitum liðhlaupa úr sýrlenska hernum, segir að nú þegar ljóst er að öryggisráðið styður ekki aðgerðir gegn Sýrlandsforseta, þá sé þeim sá kostur nauðugur að berjast vopnaðri baráttu fyrir frelsi landsins. Hernaður sé eina leiðin úr því sem komið er.

„Neitunin er ekki heimsendir,“ skrifaði aftur á móti Radwan Ziadeh, einn leiðtoga stjórnarandstæðinga, á Facebook-síðu sinni. „Byltingin heldur áfram og verður sigursæl, ef guð lofar.“

Ziadeh sagðist reikna með að Frakkar, Bandaríkin og arabaríki muni styðja her uppreisnarmanna til hernaðar gegn stjórninni.

Bandaríkin og nokkur Evrópuríki hafa fullyrt að eina leiðin til að friða ástandið í Sýrlandi sé brotthvarf Sýrlandsforseta.



SÝRLANDSFORSETI Á BÆN Bashir al-Assad, fyrir miðri mynd, ásamt Mohammed Abdelsattar Sayyed trúmálaráðherra og Ahmed Hassun, æðsta guðfræðiráðgjafa stjórnvalda, á bæn í tilefni af fæðingardegri Múhameðs spámans. NORDICPHOTOS/AFP

Rússar og Kínverjar vildu ekki fallast á ályktun sem væri yfirlýsing um stuðning við áætlun Arababandalagsins, þar sem í þeirri áætlun er afsagnar Assads forseta krafist. - gb

Heyrnartæki með fjögurra ára ábyrgð



ÓKEYPIS HEYRNAR- MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Settu Nova símkort í farsímamann pinn!



Hjá Nova hringir þú og sendir SMS í alla sem þú þekkir – og líka þá sem þú þekkir ekki – fyrir 0 kr. Auk þess fylgir netið í farsímamann, 100 MB á mánuði, hjá viðskiptavinum í áskrift.

Það kostar ekkert að flytja símanúmerið til Nova – þú getur líka valið þér nýtt og flottara símanúmer sem byrjar á 77 x xx xx.

**0 kr. Nova
í Nova!**

1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

GENGIÐ 03.02.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,43	123,01
Sterlingspund	193,92	194,86
Evra	161,31	162,21
Dönsk króna	21,699	21,825
Norsk króna	21,065	21,189
Svænsk króna	18,237	18,343
Japanskt jen	1,6051	1,6145

SDR 189,90 191,04

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,07

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjöunda biskupsframboðið:
Séra Gunnar býður sig fram

ÞJÓÐKIRKJAN Séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur í Digraneskirkju, hefur boðið sig fram til embættis biskups Íslands. Hann er sjöundi presturinn sem býður sig fram í embættið en framboðsfrestur rennur út 29. febrúar.



SÉRA GUNNAR SIGURJÓNSSON

„Ég býð mig ekki fram til embættis biskups Íslands

vegna þess að ég telji mig vera betur til þess fallinn en aðra, heldur vegna þess að ég ber traust til alls þess góða fólks sem hefur hvatt mig áfram í starfi mínu. Ég vil taka höndum saman með þeim sem vinna vilja Þjóðkirkjunni til heilla með því að gera veg Krists sem mestan meðal fólks,“ segir Gunnar í yfirlýsingu sinni.

- fb

Vöruskipti hagstæð:

Mun meira flutt út en inn

EFNAHAGSMÁL Útflutningur í janúar var 12 milljörðum króna verðmætari en innflutningur, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Verðmæti útflutnings, reiknuð á fob, námu tæpum 49,3 milljörðum króna. Verðmæti innflutnings nam 37,2 milljörðum króna.

Þetta er viðsnúningur frá desember þegar vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 640 milljónir króna. Vöruskipti við útlönd árið 2011 voru jákvæð um tæplega 97 milljarða króna. Flutt var út fyrir um 619 milljarða króna en inn fyrir um 522 milljarða króna. - kóp

4

Atvinnuveganefnd Alþingis vill að hollustumerki verði formlega tekið í notkun:

Tvö fyrirtæki nota Skráargatið

NEYTENDUR Að minnsta kosti tvö matvælafyrirtæki hér á landi hafa ákveðið að taka upp hollustumerkið Skráargatið á völdum vörum. Þó er ekki búið að innleiða merkið formlega hér á landi.

Skráargatið sést á umbúðum nýs skyrdrykkjar frá Mjólkursamsölunni og á morgunkorninu Bygga, frá matvælafyrirtækinu Árla. Í Skandinavíu hefur merkið verið notað



í fjölda ára, en vörur þurfa að uppfylla ströng innihaldsskilyrði til að leyfilegt sé að nota það á umbúðunum.

Atvinnuveganefnd Alþingis lagði til á fimmtudag að þingsályktunartillaga um Skráargatið verði samþykkt. Í því felst að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér

fyrir því að hægt sé að taka upp merkið við íslenska matvælaframleiðslu.

Neytendasamtökin hafa lengi beitt sér fyrir því að merkið verði innleitt hingað til lands. Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins, furðar sig þó á því að fyrirtæki séu nú þegar farin að markaðssetja vörur sínar með Skráargatinu, sér í lagi þar sem umsagnir Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins fólu í sér töluverða gagnrýni á innleiðingu merkisins.

- sv

Hákon og Mette-Marit óhult:
Reykur í flugvél kóngafólks

KAUPMANNAHÖFN, AP Hákon, krónprins Noregs, og krónprinsessan Mette-Marit voru meðal farþega sem þurftu að yfirgefa flugvél SAS-flugfélagsins eftir að reykur kom upp í farþegarýminu.

Alls voru 135 manneskjur um borð í vélinni sem var á leið til Óslóar. Farþegarýmið fylltist af reyk vegna vélarbilunar og þurftu allir farþegarnir að rýma vélna á Kastrup-flugvælinum. Mette-Marit, sem er þekkt fyrir flughræðslu sína, þakkaði áhöfn SAS á Twitter-síðunni.

- fb

Grísku stjórnarflokkarnir ósammála um aðgerðir

Kröfur ESB og AGS um frekari aðhaldsaðgerðir mæta harðri mótstöðu eins stjórnarflokkanna. Ströng fundarhöld alla helgina skiluðu litlum árangri. Grikkir eru að falla á tíma því óðum styttest í gjalddaga.

GRIKKLAND Þrátt fyrir að vera í kapphlaupi við tímann hafa gríska stjórnarflokkarnir ekki getað komið sér saman um viðbrögð við kröfum frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um enn harðari aðhaldsaðgerðir.

Gríska stjórnin verður að fallast á þessar aðgerðir, eða sýna með öðrum hætti hvernig hún ætlar sér að draga meira saman í ríkisfjármálum, ætli hún sér að fá frekari fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS upp á 130 milljarða evra.

Næstu stóru gjalddagar ríkisskuldanna verða í mars. Fá Grikkir ekki peningana frá ESB og AGS geta þeir ekki greitt af skuldunum, og þar með verður gríska ríkið komið í greiðsluþrot.

Grísk stjórnvöld hafa undanfarna viku átt í ströngum viðræðum, ekki bara við fulltrúa AGS og ESB, heldur einnig við fulltrúa lánardrottina sinna. Lúkas Papademos forsætisráðherra hefur auk þess staðið í ströngu við að fá stjórnarflokkana til að koma sér saman um aðgerðir, en íhaldsflokkurinn Nýtt lýðræði hefur þverneitað að fallast á kröfur um enn frekar launa-lækkanir hjá ríkisstafsmönnum og fleiri uppsagnir í opinbera geiranum.

Mikil andstaða hefur verið, jafnt meðal þingmanna sem alls almennings, við kröfurnar frá ESB og AGS.

Samdráttur hefur verið í gríska efnahagslífi fimm ár í röð. Nærri tvö ár eru síðan gríska ríkið byrjaði að draga saman seglin með ströngum aðhaldsaðgerðum, sem



ENGIN SVÖR Poul Thomsen frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Matthias Mors frá framkvæmdastjórn ESB og Klaus Masuch frá Seðlabanka ESB ganga af fundi með Lucas Papademos, forsætisráðherra Grikklands, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

130 milljarðar evra er sú upphæð sem Grikkir þurfa að fá frá ESB og AGS til að geta greitt næstu afborganir.

bitnað hafa illa á öllum almenningi. Þær aðgerðir hafa ekki dugað til að koma ríkisfjármálum á réttan kjöl.

Atvinnuleysið er nærri 20 prósent og flest heimili eiga í miklum

erfiðleikum með að ná endum saman.

Þolinmæði Evrópusambandsins virðist hins vegar vera á þrotum. Þjóðverjar beita grísk stjórnvöld hörðum þrýstingi og nú um helgina vildi Claude Juncker, leiðtogi ríkjahóps evrusvæðisins, ekki lengur útiloka þann möguleika að Grikkland verði hreinlega gjaldþrota.

Antonis Samaras, leiðtogi íhaldsmanna, sagði í gær að lánardrottinnar Grikklands séu að „biðja um meiri kreppu, sem landið getur ekki þolað. Ég er að berjast með

öllum tiltækum ráðum gegn þessu“.

Georg Papandreú, leiðtogi sósíalista, er sömuleiðis andvígur sumum af þeim kröfum, sem Grikkjum er gert að uppfylla. Hann er á móti því að laun verði lækkuð og vill að ríkið taki að sér rekstur bankanna, að minnsta kosti tímabundið.

Viðræðum verður haldið áfram á morgun í von um að takast megi að koma saman einhvers konar mála-miðlun á síðustu stundu.

gudsteinn@frettabladid.is

INNKÖLLUN Á VÖRU



Okkur hefur verið tilkynnt að barnabístóll með vörunúmerinu 28831 uppfylli því miður ekki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til barnabístóla. Stóllinn hefur því verið tekinn úr sölu í Rúmfatalagernum. Þessi stóll var fánlegur frá septemberlokum 2011 og eru þeir viðskiptavinir sem hafa keypt þennan stól eru vinsamlegast beðnir um að hætta notkun á þessum stól og hafa samband við næstu Rúmfatalagersverslun og skila honum gegn fullri endurgreiðslu. Við biðjumst velvirðingar á þessu. Með fyrirfram þökk fyrir sýndan skilning.


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veður-
fréttamaður

VINDASAMT og blautt S- og V-lands næstu daga. Hlýtt í dag, að 12 stigum en kólnar til morguns. Vægt frost N- og A-til á miðvikudag. Úrkoma A-til á morgun en annars að mestu þurrt og nokkuð bjart.

Á MORGUN
Strekkingur V-til, annars hægarí.



HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	-7°
Berlín	-11°
Billund	-5°
Frankfurt	-6°
Friedrichshafen	-9°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	20°
London	4°
Mallorca	10°
New York	11°
Orlando	27°
Ósló	-3°
París	-2°
San Francisco	15°
Stokkholmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris.

Hannaður með framtíðina í huga.



ISLÉNDRASÁSTOFUSÍM 1111



NÝR YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturs-tölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.91 á 100 km auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/yaris
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

KJÖRKASSINN



Átt þú sparnað í ríkisskuldabréfum?

JÁ 8,4%
NEI 91,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Fylgist þú með frambjóðendum til embættis biskups Íslands?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Hæstiréttur sammála SE:

Valitor og Tax Free máttu ekki renna saman

SAMKEPPNI Hæstiréttur hefur staðfest þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að ógilda skuli samruna Valitors á Euro Refund Group North á Íslandi, sem rekur starfsemi undir merkjum Tax Free og sér um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

Samkeppniseftirlitið taldi að markaðirnir sem fyrirtækin störfuðu á væru nátengdir og samruninn gæti skapað mikinn möguleika, getu og hvata til útlökunar keppinauta á mörkuðum fyrir greiðslukortastarfsemi, posaleigu, endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna og fleira.

- sh



Á SKÍÐUM Í RÓM Sjaldséð sjón í höfuðborg Ítalíu.

NORDICPHOTOS/AP

Neyðarástand í Bosnía:

Innilokuð þorp vegna fannkófs

BOSNÍA, AP Þýrlur voru notaðar til að koma mat og öðrum nauðsynjum til þorpa á fjallendum svæðum Bosnía, þar sem fannfergi hefur lokað öllum landvegum.

Sjúklingar voru einnig fluttir frá þessum þorpum með þýrlum. Ekkert lát virðist ætla að verða á vetrarhörkunum í austanverðri Evrópu næstu daga.

Úkraínubúar hafa orðið verst úti. Kuldarnir hafa komist þar niður í 33 stiga frost og hafa kostað meira en 130 manns lífið.

- gb

6

Níu ára gömul stúlka er líklega fyrsta manneskjan til að fá nýtt vélinda:

Sex líffæri grædd í litla stúlku

BANDARÍKIN, AP Níu ára gömul stúlka frá Maine í Bandaríkjunum er á batavegi eftir að hafa gengist undir sexfalda líffæraígræðslu vegna krabbameins. Hún er að öllum líkindum fyrsta manneskjan til að fá vélinda grætt í sig.

Stúlkan, Alannah Shevenell, fékk nýjan maga, lifur, milta, smáþarma, bris og hluta af vélinda. Hún greindist með risastórt æxli árið 2008, þegar hún var fimm ára.

Læknar reyndu í tvígang að fjarlægja æxlið án árangurs. Lyfjameðferð hafði ekki heldur áhrif á æxlið og því var ákveðið að reyna



KOMIN HEIM Alannah ræddi við blaðamann ásamt ömmu sinni í síðustu viku. Hún hefur verið á spítala undanfarna þrjú mánuði að jafna sig eftir aðgerðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

aðgerðina. Fjölskyldu hennar var sagt að um helmingslíkur væru á því að hún lifði aðgerðina af, en án hennar átti hún enga batavon. Aðgerðin var framkvæmd í október og stúlkan var á spítala þar til í síðustu viku. Hún barðist við sýkingar og aðra fylgikvilla áður en hún fékk leyfi til að fara heim.

Alannah er þó ekki úr hættu enn. Hún þarf að vera undir stöðugu eftirliti og taka nú lyf á hverjum degi. Ónæmiskerfi hennar er mjög veikt og hún getur því ekki verið innan um mikið af fólki.

- þeb

Rannsaka færi á nýtingu sjávarorku

Tuttugu og einn þingmaður úr öllum flokkum stendur að tillögu um rannsóknir á nýtingu sjávarorku. Lítið rannsakað hér en mörg lönd komin langt á veg. Frumkvöðull segir orkumagn Íslendinga geta margfaldast með nýtingu sjávar.

ALPINGI Fjármagn verður sett í rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi, verði þingsályktunartillaga sem lögð var fram á föstudag samþykkt. Tuttugu og einn þingmaður í öllum flokkum standa að tillögunni og verður því að teljast líklegt að hún verði samþykkt.

Í greinargerð með tillögunni segir að leiða megi getum að því að sjávarorka sé ein stærsta ónýtt orkuauðlind Íslands. Iðnaðarráðherra verði falið að byggja upp gagnagrunn um nýtingu sjávarorku, stuðla að tækniþróun á sviðinu og greina nýtingarkosti á þeim landsvæðum sem talin eru henta.

Skúli Helgason, fyrsti flutningsmaður tillögunnar, segir að vonir standi til að nýting sjávarorku gæti skilað heilmiklu í framtíðinni. Hann segir Íslendinga skammt á veg komna í málaflokknum og er ánægður með hve víðtækan stuðning hann fékk við tillöguna.

„Menn eru komnir á fleygiferð í löndunum í kringum okkur, Bretar lengst og Írar og Danir eru að kveikja á þessum möguleikum. Stjórnvöld víða um heim eru að móta sér stefnu um stuðning í málaflokknum,“ segir Skúli.

Hann segir málið ekki kalla á miklar deilur og vonast til að hægt sé að ljúka því með vorinu, en tillögunni var vísað til atvinnuveganefndar.

„Ef þingið sýnir vilja sinn í verki ætti að vera hægt að líta til þessa við fjárlagagerð næsta árs.“

kolbeinn@frettabladid.is



KRAFTUR SJÁVAR Rannsaka á hvernig hægt verði að nýta sjóinn til raforkuframleiðslu. Þær hugmyndir sem lengst eru komnar gera ráð fyrir hverflum meðarsjávar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hægt að tuttugfalda orkuna

Valdimar Össurason rekur fyrirtækið Valorku sem hefur hannað samnefndan sjávarhverfil. Hann fékk í október fyrstu verðlaun í keppni Alþjóðasamtaka félaga hugvitsmanna, IIA, fyrir hverfilinn. Valorka stefnir að því að virkja hægja strauma sem eru í röstum og við annes. Hann segir vandæði hve lítið hefur verið rannsakað af sjávarföllum í kringum landið. Helst hafi slíkt verið í kringum fiskeldi og hafnargerð.

Valdimar segir gríðarlega orku liggja undir ef vel tekst til að nýta hana. „Írar hafa gert vandaða úttekt á þeirri heildarorku sem þeir búa yfir. Þeir telja sig geta nýtt 240 terawattstundir á ári og ef við yfirföllum það á Ísland eftir stærð mundi það gera um 330 terawattstundir á ári. Það er um tuttuguföld sú orka sem við erum að nota í dag.“

Valdimar hefur gert forþrófanir í kerfi á hverflinum og mun gera prófanir á fleka í sumar, mögulega við Snæfellsnes. Gangi þær vel verður búin til frumgerð sem er algjörlaga neðansjávar. „Valorka er fremst í heimi í þessu að reyna að virkja strauma fyrir utan strendur.“

Fjórta ný rannsóknarleyfi:

Skoða stúlkur af vinnuhæli

RANNSÓKNIR Persónuvernd veitti í janúar fjórta ný leyfi til aðgangs að trúnaðargögnum vegna rannsókna fræðimanna. Meðal þeirra eru „Opin áreitipróf hjá börnum sem grunuð eru um sýklalyfjafnæmi“ og „Ríkisafskipti af samskiptum unglingsstúlkna og setu-liðsmanna“.

Í seinna tilvikinu fær sagnfræðingur aðgang að skjalasafni vinnuhælisins að Kleppjárnreykjum frá árunum 1942 til 1943. Aðrar rannsóknir eru til dæmis „Árangur í offitumeðferð Reykjalundar“.

- gar



VARÐSKIPIÐ ÞÓR Lagði af stað til Noregs í gær.

Varðskipið Þór sneri við:

Þór farinn í viðgerð í Noregi

ÖRYGGISMÁL Varðskipið Þór lagði úr höfn í Reykjavík í gærkvöld áleiðis til Bergen í Noregi þar sem gera á við aðalvél skipsins. Það vakti athygli vegfarenda síðdegis í gær að skipið var þá á leið inn í Reykjavíkurböfn.

Hjá Landhelgisgæslunni fengu þær upplýsingar að um prufusiglingu væri að ræða. „Skipið er búið að vera í alls konar prófunum að undanförunni,“ segir Hrafnhildur B. Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.

Aðalvél skipsins hefur verið í ólagi og vildi framleiðandinn, Rolls Royce, að skipið færi í viðgerð í Noregi. Ráðgert er að Þór komi til Bergen á miðvikudag og að viðgerðin taki um mánuð. Landhelgisgæslan ber ekki kostnað af viðgerðinni. Varðskipin Týr og Ægir munu sinna hlutverki Þórs meðan hann er ytra.

- fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rúðubrot við Þjóðleikhúsið

Tilkynnt var um rúðubrot í bifreið á Hverfisgötu við Þjóðleikhúsið aðfaranótt sunnudags. Þar hafði mjög ölvæður maður kastað bjórflösku á eftir bifreið og brotið afturrúðu hennar.

Elti ölvæðan öikumann

Bifreið var ekið á ljósastaur við Miklubraut. Vegfarandi sá bílinn fara af staðnum og fylgdi henni eftir. Vísaði hann lögreglu á bílinn við Hólmsvað. Þar sat ölvæður karlmaður undir stýri er lögregla handtók hann.

Björgunarsveitir rukkaðar fyrir tjóni á bílum sem þeir draga úr sköflum og ófæru:

Dýrt að valda tjóni við björgun

BJÖRGUN Björgunarsveitir bera ábyrgð á skemmdum sem verða á bílum sem draga þarf úr snjósköflum og ófærum. Sveitirnar þurfa að borga á annað hundrad þúsund krónur fyrir hvern bíl sem skemmist, ákveði eigandi bílsins að sækja rétt sinn til tryggingarfélagans.

„Það er auðvitað dapurlegt að vera að aðstoða samborgarana, í umboði lögreglunnar, og fá svo á sig kostnaðinn ef eitthvað gerist,“ segir Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunar- og slysavarnarsviðs hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Verði tjón á bíl sem björgunarsveitir draga úr skafli eða ófæru á eigandi bílsins kröfu á björgunarsveitina. Sveitirnar eru tryggðar fyrir tjóninu, en þurfa að borga sjálfsábyrgð sem er yfirleitt á bilinu 100 til 170 þús-

Geta ekki samið

Landsbjörg hefur kannað möguleikann á því að láta öikumenn bíla sem þarf að draga skrífa undir samning um að afsala sér kröfu á björgunarsveitina verði skemmdir á bílnum. Gunnar Stefánsson hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu segir það ekki samrýmast lögum. Lögum samkvæmt falli tjón á bíl sem sé dreginn á þann bíl sem dragi, og ekki sé hægt að semja sig frá þeirri ábyrgð.



GUNNAR STEFÁNSSON

und krónur, segir Gunnar. Þessi kostnaður fellur á þá björgunars-

sveit sem á bílinn sem veldur tjóninu. Gunnar segir kostnaðinn geta sett öll áform björgunarsveita í uppnám, sérstaklega minni sveita sem hafi oft takmarkaða möguleika til að fjármagna starfsemi sína.

Hann segir að vegna þessarar áhættu kjósi sumar björgunarsveitir frekar að bjarga fólki úr föstum bílum og skilja bílana eftir. Það sé þó á endanum ákvörðun hvers bílstjóra á bílum björgunarsveitanna. Menn velti þessum möguleika óneitanlega fyrir sér.

Landsbjörg hefur ítrekað óskað eftir því við stjórnvöld og þingmenn að björgunarsveitirnar fái undanþágu í lögum svo tjón af þessu tagi falli ekki á sveitirnar séu þær við björgunarsstörf, án þess að það hafi náð inn í nefndir þingsins, hvað þá lengra.

- bj

TILBOÐ
á 1 lítra
Kókómjólk

**Egill
Árnason**™

LAGERHREINSUN

**RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**



Parket
Verð frá

3.990
kr./m²



Flísar
Verð frá

1.990
kr./m²



Hurðir
Verð frá

47.920
kr./m²



Loftþiljur
Verð frá

1.990
kr./m²

Suðurlandsbraut 20

NÝ SKÝRSLA UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐANNA Í AÐDRAGANDA HRUNSINS

Formaður lífeyrissjóðs ósammála sumu í úttekt:

Mótmælir því að hafa fjárfest án rannsókna

Helgi Magnússon, formaður stjórna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir tjón lífeyrissjóðanna við hrúnið auðvitað tilfinnilegt. Mikilvægt sé hins vegar að miða við tímann frá hrúni. Þá sé Guðmundsson heildarrýrnunin um 380 milljarðar króna en ekki 480 milljarðar.



ÁRNI GUÐMUNDSSON



HELGI MAGNÚSSON

inni segir hann að hafa þurfi í huga að lífeyrissjóðirnir hafi staðið hrúnið af sér betur en flestir aðrir.

„Auðvitað þurfum við að hafa í huga ábendingar og athugasemdir. Sumu af því er maður sam-

mála en annað er með þeim hætti að maður mótmælir,“ segir Helgi og boðar rökstuddar athugasemdir á næstunni.

„Við mótmælum því að við höfum ekki kynnt okkur málin nógu vel,“ segir Helgi sem kveður stjórna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fylgjast mjög náið með fjárfestingum. „Við erum ekki sammála þessari gagnrýni hvað okkar sjóð varðar.“

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, segir margar gagnlegar ábendingar í skýrslu úttektarnefndarinnar.

„Það sem við höfum verið að gera frá hrúni er að efla eignastýringuna og áhættustýringuna og síðan verkferla og formlegheit öll sem réttilega var bent á af nefndinni að þurfti að bæta. Ég tek undir að það vantaði upp á formlegheitin; að skránið og slíkt,“ segir Árni. -gar



ARNAR SIGURMUNDSSON Formaður Landsamtaka lífeyrissjóða segir að draga verði lærdóma af skýrslu um starfsemi sjóðanna.

Lífeyrissjóðir nánast það eina sem stendur

Arnar Sigurmundsson, formaður stjórna Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að flest sem kemur fram í úttekt á starfsemi sjóðanna hafi verið vitað. Þó komi á óvart hve stór hlutur Exista-samsteypunnar hafi verið í tapi sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir eru nánast það eina sem stendur upp úr í þessu samfélagi eftir hrúnið,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður stjórna Landssamtaka lífeyrissjóða, sem kveðst fagna útkomu skýrslu úttektarnefndar á starfsemi og umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins

Úttektarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að heildartap íslensku lífeyrissjóðanna hafi verið tæpir 480 milljarðar króna frá því í ársbyrjun 2008. Arnar bendir á að sjóðirnir sjálfir hafa gefið út að tapið væri á bilinu 360 til 380 milljarðar en þá miðað við 30. september, eða nokkrum dögum fyrir hrúnið. Þeirra áætlun rými vel við niðurstöðu úttektarnefndarinnar því eignir sjóðanna hafi rýrnað um 95 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins 2008.

Að sögn Arnars munu lífeyrissjóðirnir á næstu vikum fara yfir úttektina. „Menn þurfa að læra af þeim mistökum sem kunna að hafa verið gerð,“ segir Arnar sem kveður ýmsar breytingar þegar hafa verið gerðar. Það eigi meðal annars við um boðsferðir og kynnisferðir sem gagnrýndar hafi verið á árinu 2008 og 2009. „Það var tekið á því strax og þeir sem ekki voru komnir með slíkar reglur settu þær.“

Heimildir rýmkaðar

Í kjölfar hrunsins hafa heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga verið rýmkaðar og þeim breytt. Arnar segir enda fátt um kosti fyrir sjóðina miðað við áður. „Gjaldeyrishöftin vega auðvitað þyngst. Hlutabréfamarkaðurinn hrundi,“ segir formaðurinn og telur upp þá fjárfestingarmöguleika sem nú séu fyrir hendi. Meðal þeirra eru ríkisskuldabréf, sjóðfélagalán og bankareikningar. Vegna gjaldeyrishaftanna sé ekki hægt að fara í nýjar erlendar fjárfestingar þótt þeim sem fyrir voru sé viðhaldið. Þá hafi sjóðirnir sett tæpa 40 milljarða í Framtakssjóðinn. Fé hefur til dæmis verið fest í Högum og HS orku.

Úttektarnefndin hefur efa-

“ Þetta er allt uppáskrið en svo kemur í ljós að eignir sem voru lítt veðsettar erlendis eru veðsettar eftir á og án þess að þeir sem áttu skuldabréfin hér á landi vissu.

sendir um að sú heimild sem lífeyrissjóðirnir hafa fengið til að stofna fasteignafélög standist lög um lífeyrissjóði. Arnar segir ekki hafa reynt á þetta ennþá. „Því er ekki að neita að menn hafa verið að skoða hvort það væri yfirleitt möguleiki að sjóðirnir myndu með öðrum stofna fasteignafélög og byggja hagkvæmt til útleigu. Mér finnst eðlilegt að þetta verði skoðað,“ segir hann.

Einn meginþráðurinn í skýrslu úttektarnefndarinnar er gagnrýni á sjóðina fyrir að hafa ekki kynnt sér fjárfestingar sínar nógu gaumgæfilega. „Menn hafa kannski verið að fá kynningar frá bönkum og verðbréfafyrirtækjum á fjárfestingarkostum, bæði varðandi skuldabréf og jafnvel hlutabréf. Hlutabréf voru á markaði og þá voru ársreikningar og árs- hlutareikningar og úttektir frá virtum endurskoðendum lögð til grundvallar,“ segir Arnar sem hins vegar tekur undir gagnrýni á skuldabréfaútboði fyrirtækja. Hann nefnir dæmi sem tekið er í skýrslunni og er um fyrirtækið Bakkavör.

„Það er útboð hér á landi og það eru erlendar eignir og rekstur undir. Þetta er allt uppáskrið. Svo kemur í ljós að eignir sem voru lítt veðsettar erlendis eru veðsettar eftir á og án þess að þeir sem áttu skuldabréfin hér á landi vissu. Þetta var auðvitað mjög slæmt mál,“ segir Arnar. Þótt ekkert hafi verið að kynningu á því skuldabréfaútboði hafi menn þó átt að setja í skilmála að slíkt mætti ekki gerast.

„Ég er ekki endilega viss um að menn hafi verið að skoða erlend

veðbókavottorð á þessum tíma vegna þess að þessi bréf voru kannski skráð í kauphöllinni og undir eftirliti og fyrirtækin undir eftirliti endurskoðenda. Síðan þegar allt fór á versta veg kom í ljós að þessar eignir voru kannski veðsettar þótt menn teldu þær lítt veðsettar.“


Aðspurður segir Arnar lítið hafa reynt á breytt verklag að þessu leyti einfaldlega vegna þess að lítið sem ekkert sé á boðstólum af fyrirtækjaskuldabréfum. „En menn eru auðvitað miklu gagnrýni á fyrirtækjaskuldabréf en áður. Það er einn af þessum lærdómum sem menn drógu strax af hrúni.“

Þá segir Arnar að hafa verið í huga að þótt íslenskir lífeyrissjóðir hafi tapað um fimmtungi eigna sinna við hrúnið gildi það sama hlutfall fyrir lífeyrissjóði í Vestur-Evrópu og jafnvel Bandaríkjunum.

Ekki kom margt á óvart

Arnar segir ekki margt koma á óvart í skýrslu úttektarnefndarinnar. „Auðvitað kom á óvart þegar allt er lagt saman hvað Kaupþing, Exista og Skipti og allt saman er stórt hlutfall af eignarýrnuninni. Og á vissan hátt með Baug en þó ekki eins því maður vissi að sjóðirnir voru víða,“ segir hann og minnir á með neyðarlögum hafi skuldabréfin verið sett fyrir aftan innlán. „Þeir sem voru að kaupa skuldabréf í þessum fyrirtækjum, hvort sem það voru bankar eða annað, voru auðvitað í góðri trú.“

Að sögn Arnars er stóra verkefni núna að fara vel í gegnum mál lífeyrissjóðanna. Eins og hann segir hér fyrir séu sjóðirnir nánast það eina sem stendur upp úr í samfélaginu eftir hrúnið. Ríkissjóður fór mjög illa, Seðlabankinn fór gríðarlega illa, allar fjármálastofnanir, öll stórfyrirtæki og heimilin fóru illa. Þannig að það urðu nánast allir fyrir miklu höggi en sem betur fer standa lífeyrissjóðirnir þó þetta keikir á eftir þótt þeir hafi orðið fyrir miklu áfalli. gar@frettabladid.is



FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFNAD 1988

Framboð í trúnaðarstöður FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegis 22.02.2012

Reykjavík 1. febrúar 2012

Stjórn Félags Rafeindavirkja



KOLI OG HVÍTT – 5900 kr.

FORRÉTTUR
PARMASKINKA, GLÓÐAÐ BRAUÐ
OG GEITAOSTASÓSA

ÁDALRÉTTUR
PÖNNUSTEIKTUR KOLI, FENNEL,
MASCARPONE, BYGG OG PERUSÓSA



EFTIRRÉTTUR
SÚKKULADI, KARAMELLA,
MJÓLK OG LAKKRÍS

KOLABRAUTIN RESTAURANT

Kolabrautin er á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

Dorma býður betra verð !



13
Sigggi Sveins
er alltaf eins!

Milano ekta hægindastóll
á frábæru Dormaverði !

Til í 4 litum:

★★★★★
Hægindastóll
kr. 39.900,-

Komdu
núna



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

★★★★★
Gaflar verð frá
kr. 29.900,-

MARGIR
LITIR



Komdu
og skoðuðu
úrvalið !
Allar
stærðir

LEÐURSÓFI



★★★★★
Zoey tungusófi
kr. 179.900,-

SVARTUR &
BRÚNN

Stærð:
Br. 292
D. 89/178
H. 88 cm

Brúnt
eða
svart

★★★★★
Chelsea 3+2
kr. 159.900,-

TVEIR
LITIR



★★★★★
Náttborð
kr. 15.900,-

PRÍR
LITIR



Brúnt
svart
eða
hvítt



Svartur



Hvítur

★★★★★
Molly svefnsófi
kr. 49.900,-

TVEIR
LITIR

Svefnsvæði
120x195 cm
Einnig til
án arma.

★★★★★
Daisy svefnsófi
kr. 89.900,-

BRÚNN &
GRÁR



MEÐ RÚMFATAGEYMSLU

Shape
by Nature bedding

Settu þig í þægilega
stillingu og láttu
þreytuna eftir amstur
dagsins líða úr þér !

NÝTT!

DORMA

- býður góða nótt

Dorma-verð

Nature's Shape stillanl.

Stærð cm.	Með still.botni
80x200	196.800,-
90x200	210.800,-
120x200	239.700,-
140x200	271.800,-
160x200	393.600,-
180x200	421.600,-

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18,
Lau frá kl. 11-17
og sun frá kl. 13-16

NÝ SKÝRSLA UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐANNA Í AÐDRAGANDA HRUNSINS



SKÝRSLAN KYNNT Nefndin sem skipuð var til að rannsaka lífeyrissjóðina. Í skýrslunni er fjallað um gjaldeyrstryggingar lífeyrissjóðanna og spurt hvort lögbrot hafi verið framin.

Stjórn LV hafnar vangaveltum um lögbrot:

Samningar eðlilegir og ekki brot á lögum

Því er velt upp í skýrslunni um lífeyrissjóðina að Lífeyrissjóður verslunarmanna hafi mögulega brotið lög með kaupum á gjaldeyrstryggingum árið 2008. Með því hafi verið aukið á áhættu sjóðsins og gengið þvert á lögbundið hlutverk hans.

Í skýrslunni eru gerðar athugasemdir við þá ákvörðun að kaupa gjaldeyrstryggingar. Lífeyrissjóðir hafi keypt tryggingar þegar krónan lækkaði í verði á þeirri forsendu að krónan myndi hækka fljótt aftur og sjóðirnir hagnast. Því er velt upp hvernig það komi heim og saman við langtíma-sjónarmið að taka slíka áhættu. Skammtímagróði hafi verið hafður að leiðarljósi. Lífeyrissjóðum er heimilt að gera afleiðusamninga til að draga úr áhættu, eins og fram kemur í skýrslunni. Þar stendur að það sé „eðlilegt að skilja þetta ákvæði svo að það sé bæði nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir afleiðusamningi að hann dragi úr áhættu sjóðsins. Afleiðusamning-

arnir sem gerðir voru árið 2008 til að tryggja erlendar eignir sjóðanna drógu ekki úr áhættu sjóðsins, heldur þvert á móti juku hana“.

Stjórn LV hefur hafnað því að hafa brotið lög. Um hafi verið að ræða hefðbundna framvirka samninga um sölu á gjaldeyri sem hafi verið hugsaðir til langs tíma. Ekki hafi verið byggt á skammtímasjónarmiðum og væntingum um skjótfenginn gróða. Þá hafi Fjármálaeftirlitinu frá upphafi verið gerð grein fyrir stöðu samninganna og aldrei hafi verið gerð athugasemd. Stjórnin segir að gjaldmiðlastýring hafi um langt árabil verið eðlilegur hluti af fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða um allan heim. „Kaupum á hlutabréfum fylgir áhætta sem kemur einkum fram í sveiflum á gengi bréfanna. Þegar hlutabréfin eru erlend bætist við gjaldmiðla-áhætta þar sem skuldbindingarnar gagnvart sjóðsfélögum eru í íslenskum krónum. Þá áhættu hefur verið leitast við að takmarka með gjaldmiðlavörnum.“ - þeb

Hafnar ábyrgð og vill sannleiksnefnd

Tap lífeyrissjóðanna vegna Baugs Group og tengdra aðila var rúmlega 77 milljarðar króna, sem jafngildir 16 prósentum af heildartapinu og 20 prósentum af tapi þeirra í hlutabréfum og skuldabréfum. Af 20 prósentunum voru um 12,3 prósent vegna Glitnis. Þetta kemur fram í skýrslunni.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi aðaleigandi Baugs, hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann hafnar því að bera ábyrgð á tapi lífeyrissjóðanna vegna Glitnis og segir framsetningu í skýrslunni vera villandi.

Hann segir hana ekki gefa að öllu leyti rétta mynd af stöðunni þar sem skýrsluhöfundar hafi ekki heyrt sjónarmið forsvarsmanna þeirra fyrirtækja sem í skýrslunni eru tilgreind. Þá segir hann að hrúnið verði ekki gert upp með skýrslum sem séu einsleitar heldur væri betra að sett væri upp sannleiksnefnd þar sem menn yrðu kallaðir fyrir og þjóðin fengi að fylgjast með í beinni útsendingu.



JÓN ÁSGEIR

Sjóðsfélagar töpuðu tveimur milljónum

Tap hvers og eins Íslendinga vegna taps lífeyrissjóðanna er um ein og hálf milljón. Sjóðsfélagar hafa tapað að meðaltali tveimur milljónum króna. Sjö lífeyrissjóðir töpuðu meira en tuttugu milljörðum króna, sá stærsti rúmum 100.

Tap lífeyrissjóðanna jafngildir því að hvert mannsbarn á landinu hafi tapað um einni og hálfri milljón króna, sé miðað við mannfjölda 1. janúar síðastliðinn. Sé miðað við fjölda Íslendinga yfir sextán ára, sem eiga eitthvað í lífeyrissjóðunum, er tap þeirra tæpar tvær milljónir að meðaltali. Fólk er skylt að greiða í lífeyrissjóði frá sextán ára aldri.

Heildartap lífeyrissjóðanna var rúmlega 479,6 milljarðar króna, eins og kom fram í úttekt sem gefin var út á föstudag.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LSR og LH) töpuðu mestu, eða rúmlega 101 milljarði króna sem er 21 prósent af heildartapi lífeyrissjóðanna allra. Samanlagt eru þetta stærstu lífeyrissjóðirnir á landinu og í árslok 2010 áttu þeir eignir fyrir rúmlega 371

1,5 Tap hvers mannsbarns í milljónum miðað við mannfjölda 1. janúar.

1,9 Tap fólks yfir sextán ára aldri sem greitt hefur í lífeyrissjóði.

milljarð, samkvæmt Landssamtökum lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóður verslunarmanna (LV), næststærsti sjóður landsins, tapaði rúmum 80 milljörðum króna og Gildi, þriðji stærsti sjóðurinn, tapaði 75 milljörðum. Í lok árs 2010 átti LV tæpa 310 milljarða króna og Gildi átti eignir upp á 241 milljarð. Þessir þrír stærstu lífeyrissjóðir

landsins báru meirihlutann af tapi allra sjóðanna, eða 54 prósent. Þeir áttu í árslok 2010 um 48 prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna.


Almenni lífeyrissjóðurinn var sá sjóður sem tapaði mestu fyrir utan fyrrnefnda þrjá stærstu sjóðina. Almenni tapaði tæpum 30 milljörðum króna og átti í árslok 2010 eignir fyrir tæpa 99 milljarða. Stafir lífeyrissjóður kom þar á eftir og tapaði rúmum 29 milljörðum en átti eignir upp á 109 milljarða í lok 2010.

Stapi lífeyrissjóður tapaði 27,7 milljörðum og Sameinadi lífeyrissjóðurinn rúmum 25 milljörðum. Sjóðirnir eru í fjórða og fimmta sæti yfir eignamestu sjóðina við lok árs 2010 og áttu 109 og 105,4 milljarða króna.

Aðrir lífeyrissjóðir töpuðu undir tuttugu milljörðum hver, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

thorunn@frettabladid.is

Tap hvers lífeyrissjóðs í milljónum króna



Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



Fidel Castro situr við skriftir: Skrifar þúsund síðna ævisögu

KÚBA Fidel Castro, fyrrverandi forseti Kúbu, kynnti útgáfu ævisögu sinnar um helgina.

Castro, sem er 85 ára, hefur ekki komið fram opinberlega síðan í apríl á síðasta ári.

Ævisaga hins aldna byltingarleiðtoga verður engin smásmíði, rétt tæpar þúsund blaðsíður og verður gefin út í tveimur bindum.

Castro sagði á kynningarfundinum að það væri skylda hvers Kúbumanns að berjast fyrir mannkynið, plánetuna og Kúbu.

Mishár blóðþrýstingur í handleggjum getur verið merki um sjúkdóma í æðakerfinu:

Handleggirnir geta sagt til um sjúkdóma

HEILSA Mishár blóðþrýstingur í handleggjum fólks getur verið merki um sjúkdóma í æðakerfinu samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð var við Exeter-háskóla í Bretlandi.

Samkvæmt stöðluðum leiðbeiningum um hvernig skuli mæla blóðþrýsting er lagt upp með að hann sé alltaf mældur í báðum handleggjum til að fá sem réttasta niðurstöðu, en það er ekki alltaf gert.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mikill munur getur verið á blóðþrýstingi milli handleggja. Það getur verið vísbending um sjúkdóma sem getu blundað einkennislaust í fólki. Helst er um að ræða sjúkdóm í æðakerfinu, en mismunurinn getur þó einnig þýtt aukna hættu á hjartasjúkdómum og verið

merki um aukna hættu á dauða almennt, af ýmsum orsökum.

Dr. Christopher Clark, sem stýrði rannsókninni, segir þessa uppgötvun jákvæða þar sem oft skipti miklu máli að sjúkdómar af þessu tagi séu uppgötvaðir snemma svo hægt sé að bregðast við þeim, sérstaklega ef þeir eru að öðru leyti einkennalausir.

Richard J. McManus, prófessor við Háskólann í Oxford, og Jonathan Mant, prófessor við Háskólann í Cambridge, segja rannsóknina styðja við núverandi þekkingu og viðmið.

Frekari rannsókn sé þó þörf áður en hægt sé að skera úr um hversu áreiðanlegar upplýsingar mismunurinn gefi okkur í raun og veru.

- trs



ÞRÝSTINGUR Samkvæmt verklagsreglum á að mæla blóðþrýsting í báðum handleggjum. Það virðist mikilvægara en áður í ljósi nýrrar niðurstöðu vísindamanna.



Á VETTVANGI MORÐS Lögreglustjórinn í Ciudad Juarez, Julian Leyzaola, sést hér á vettvangi þar sem einn af mönnum hans var myrtur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glæpaklíkur í Mexíkó:

Löggur flytja vegna hótana

MEXÍKÓ, AP Allir 2.500 lögreglumennirnir í landamæraborginni Ciudad Juarez í Mexíkó hafa verið fluttir frá heimilum sínum vegna hótana frá glæpahópum.

Lögreglan í borginni hefur náð ágætis árangri í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi undanfarið, undir stjórn nýs lögreglustjóra.

Fimm lögreglumenn hafa verið drepnir síðustu daga eftir að glæpahópur hét því að drepa einn lögreglumann á dag þar til lögreglustjórinn segði af sér.

8.900 hafa látið lífið í borginni frá árinu 2008 vegna glæpa sem tengjast eiturfjaskjúgunum. - þj

Handtekinn á árshátíð:

Neitaði að yfirgefa fangaklefa

LÖGREGLUMÁL Tæplega þrítugur karlmaður neitaði að yfirgefa fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt.

Maðurinn hafði fyrr um nóttina verið handtekinn eftir að hafa lent í átökum við dyraverði á árshátíð í austurborginni.

Að sögn lögreglu neitaði maðurinn að segja til nafns en við leit fundust á honum skilríki. Skömmu síðar kom eiginkona mannsins til þess að sækja hann. Þá neitaði maðurinn með öllu að yfirgefa fangaklefan. Var honum því leyft að gista og stóð til að gera aðra tilraun til að sleppa honum í gærmorgun. - ap

BRUNAVARNIR

Ósatt við slökkviliðsstjóra

Stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu segist líta það alvarlegum augum að Hilmar Frímannsson slökkviliðsstjóri, sem sagði starfi sínu lausu, skuli tjá sig um málefni brunavarna í fjölmiðlum á „röngum forsendum“. Hilmar hafði sagst ekki geta tekið ábyrgð á því að það yrði einn á bakvakt á kvöldin.

Panodil[®] Zapp

FRÁSOGAST

2X HRAÐAR

en venjulegar parasetamól töflur

500 mg PARACETAMOL
Smertestillende ✓
Febernedsættende ✓

20 filmovertrukne tabletter

**HRAÐVIRK
LINUN SÁRSAUKA.
KRÖFTUG HITALÆKKANDI
OG VERKJASTILLANDI ÁHRIF.**

Panodil Zapp frásogast helmingi hraðar en venjulegar parasetamól töflur, þannig næst hratt sú vel þekktu og öfluga verkjastilling sem þú getur treyst.

gsk GlaxoSmithKline

Panodil Zapp (parasetamól, 500 mg). Ábendingar: Höfuðverkur, tannverkur, hiti sem fylgir kvefi, tíðaverkir, vöðva- og liðverkir, verkjastillandi við gigtarverkjum, háir hiti. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1-2 töflur á 4-6 klst. fresti, að hámarki 8 töflur á sólarhring. Börn 10-15 mg/kg líkamspýngdar á 4-6 klst. fresti, að hámarki 4 sinnum/sólarhring. Gæta skal varúðar ef um skerta nýrnastarfsemi og lífransjúkdóm er að ræða. Skal ekki notað með öðrum verkjalyfjum sem innihalda parasetamól (t.d. samsattum lyfjum). Hæri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið hættu á mjög alvarlegum lífranskemmdum. Aukaverkanir: Mjög sjaldgæfar: Almennar: Ofnæmisviðbrögð, Útbrot, ofsaklaði, ofsabjúgur. Lífranskemmdir. Lífranskemmdir af völdum parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis. Við langtímanotkun er ekki hægt að útiloka hættuna á nýrnaskemmdum. Pakkning: Filmhúðaðar töflur 500 mg, 20 stk.. Lesið leiðbeiningar í fylgjendilli lýfins. Nánari upplýsingar eru á <http://www.serlyfjaskra.is>. Panodil er skrásett vörumerki GlaxoSmithKline fyrirtækjasamstæðunnar.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Á endanum ber almenningur kostnaðinn.

Huga þarf að færum leiðum

Skuldavandi heimila á að stórum hluta rót sína í því furðulega kerfi sem landsmenn hafa hér sætt sig við að verðtryggja íbúðarlán. Eiginlega er alveg sama hvaða óáran gengur yfir í heiminum eða hér heima, skuldir almennings hækka.

Því til viðbótar er í raun magnað að hér sé hægt að keyra í gegn hækkanir á neyslusköttum sem vitað er að komi til með að skila sér í verðbólguvísitölu og þar með aukinni greiðslubyrði lána. Kerfið bitur í skottið á sér og almenningi blæðir.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Það er ekki að ástæðulausu sem Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, kallar eftir ábyrgri efnahagsstjórn í viðtali í Fréttablaðinu fyrir helgi, enda hlýtur slagurinn við verðbólgunni að vera einhver sá mikilvægasti til þess að bæta kjör fólks í landinu.

Neytendasamtökin vilja efnahagsumhverfi þar sem verðtryggingar gerist ekki þörf. Hann segir reynslu liðinna áratuga þó ef til vill ekki til þess fallna að ýta undir bjartsýni í þeim efnunum. „Maður hlýtur hins vegar að gera kröfu til þess að þeir sem stýra þjóðarskútni líti yfir farinn veg og læri af því sem farið hefur aflaga,“ segir Jóhannes.

Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor reifaði í grein í efnahagsritinu Vísbendingu í vikunni leiðir til þess að beisla verðbólgu með því að draga úr gjaldeyrissveiflum, en þær eru helsta ástæða og drifkraftur verðbólgunnar. Kerfi með föstu gengi segir hann að myndi framkalla stöðuga verðlag og gera afnám verðtryggingar mögulega. Tvær leiðir eru færar. Annaðhvort er það fastgengi með þátttöku í evrópska myntsamstarfinu eða fljóttandi gengi með svokölluðum Tobin-skatti á gjaldeyrisviðskipti.

Slíkur skattur myndi draga úr gengissveiflum og gera út af við spákaupmennsku á gjaldeyrismarkaði. Í dæmi Gylfa er skatturinn hins vegar að minnsta kosti tífaldur á við það sem rætt er um í öðrum löndum.

Með Tobin-skattinum kemur bara á enn einum stað til viðbótar fram kostnaðurinn við að halda hér við krónunni, svona til viðbótar við umtalsvert hærri vexti en gengur og gerist í nágrennlöndum okkar.

Hætt er við því að þótt slíkur skattur myndi ekki endilega trufla fjármögnun stórfamkvæmda á borð við virkjanir þá hækkar þróskuldurinn sem smærri fjárfestar kunna að setja fyrir sig, auk þess sem þarna eru vitanlega komnar álögur á þá sem sækja þurfa sér gjaldeyri til ferðalaga, netverslunar og fleiri hluta. Og ekki þarf að hugsa sig lengi um til þess að geta sér til um hvert aukinn kostnaður fyrirtækja af gjaldeyrisviðskiptum fer, nefnilega út í vöruverðið. Niðurstaðan er því sú sama, á endanum borgar almenningur brúsan.

Væntanlega verður þó heildarútkoman skárri fyrir allan almenning með Tobin-sköttum og tillagan fagnaðarefni í viðleitni til að koma hér á ábyrgari efnahagsstjórn, líkt og kallað er eftir. Í framhaldinu má svo veða og meta samanburðinn við evrusamstarfið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.optima.is

Rekur þú verslun eða þjónustufyrirtæki?

Kassakerfi

WINCOR NIXDORF

Þýskt gæðafyrirtæki sem hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu á kassakerfum s.l. 35 ár.

Veldu endingargóð tæki sem þú getur treyst og þjónustu fagfólks með áratuga reynslu

STOFNAD 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spyr bara aftur

Þingmenn eru ötulir við fyrirspurnir, eins og oft hefur verið rætt á þessum stað. Þær nýtast þeim til að vekja athygli á einhverju máli og fá svör við brýnum spurningum. Stundum er hins vegar eins og þingmenn þekki lítið til fyrirspurna kollega sinna. Þannig spurði Vigdís Hauksdóttir að því hver hefðu verið framlög Íslendinga til þróunarsjóðs EFTA, sundurliðað eftir árum. Þetta er óneitanlega líkt fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar frá því í fyrra, sem það einmitt um framlög Íslendinga til þróunarsjóðs EFTA, sundurliðað eftir árum.



Skoða meira

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra stendur í ströngu vegna fréttatvívinnings af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en hann gegndi formennsku í sjóðnum árið 2007. Hann frábiður sér að tap sjóðsins eftir 2007 sé tengd stjórnarformennsku hans það ár og bendir á að rétt sé að skoða ávöxtun sjóðanna yfir lengra tímabil.

Það er að mörgu leyti rétt ábending hjá ráðherranum, en eftir stendur þó tapið.

Seta þingmanna

Ögmundur segir að lífeyrissjóðirnir hafi



verið lögþvingaðir til að leita alltaf eftir hæstu ávöxtun. Ríkið hafi ekki boðið upp á fjárfestingar og þeir því þurft að fjármagna sig á markaði. Þetta vekur upp spurningar um setu þingmanna í stjórnun utan þings. Er rétt að alþingismaður sem vinnur við að setja lífeyrissjóðnum lög sitji í stjórnun þeirra? Hefði ekki verið hreinna og beinna fyrir alla aðila að skilja rækilega á milli? Eða er það gott að sami maður taki þátt sem alþingismaður í að lögþvinga lífeyrissjóðinn, hvers stjórn hann situr í?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Já á landsbyggðinni

Atvinnumál




Sigríður Margrét Oddsdóttir
forstjóri

Löng hefð er fyrir því að þjónustuver Já og forvera fyrirtækisins séu staðsett bæði á landsbyggðinni og í Reykjavík. Þegar Já var stofnað árið 2005 rak félagið fjögur þjónustuver og 50% starfsmanna í þjónustuverum voru búsettir á landsbyggðinni. Undanfarin ár hafa orðið breytingar á bæði markaði og skipulagi félagsins. Nú, árið 2012, rekur félagið tvö þjónustuver í stað fjögurra, eitt í Reykjavík og annað í Reykjaneshöfðum og eru 57,4% starfsmanna búsettir á landsbyggðinni, einmitt á því svæði þar sem atvinnuleysi hefur verið hvað mest undanfarin ár.

Fram kom í viðtali við bærarstjórnann á Akureyri í fréttum RÚV að hann furðaði sig á því að Já hefði fengið viðurkenningu frá FKA með tilvísun í uppsagnir starfsmanna á Akureyri. Þau eru fá fyrirtækin sem hafa ekki þurft að segja upp starfsmönnum frá bankahruni vegna samdráttar á heimamarkaði. Það hefur Akureyrar-

Fjöldi starfsmanna Já í Reykjaneshöfðum



bær sjálfur þurft að gera eins og fram kom í viðtali við bærarstjórnann sem birtist í vikublaðinu Akureyri þann 3. nóvember 2011.

Erfiðasta verkefni allra stjórnenda eru ákvarðanir um uppsagnir starfsmanna, það vita allir stjórnendur að slíkar ákvarðanir eru ekki teknar nema að vel ígrunduðu máli. Stjórnendur bera ábyrgð, gagnvart viðskiptavinum, starfsmönnum og eigendum á því að

fyrirtæki sem þeir stýra séu rekin á sem hagkvæmastan hátt og geti þannig dafnað inn í framtíðina. Við hjá Já höfum lagt mikla áherslu á þróun þjónustuframboðs félagsins undanfarin ár. Við erum stolt af góðum árangri og okkar starfsfólki. Við erum sérlega stolt af því frábæra starfi sem unnið hefur verið í Reykjaneshöfðum, þar er sannarlega gott að reka fyrirtæki.

Á myndinni hér til hliðar má sjá fjölgun starfsmanna Já í Reykjaneshöfðum frá árinu 2006.

Tapað af fagmennsku

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

rithöfundur



Ný skýrsla um lífeyrissjóðina hefur leitt í ljós að á tveimur árum kringum bankahrunið tókst þeim að tapa 480 milljörðum króna. Þegar maður les viðbrögð forsvarsmanna sjóðanna mætti ætla allt hafi það tap verið innt af hendi af frábærri fagmennsku og trúmennsku. Nánast eins og allt hafi verið samkvæmt þrauthugsadri áætlun. Þeir segja líka að þeir hafi vitað allt sem í skýrslunni stendur, ekkert komi þar á óvart – með öðrum orðum: hér er allt undir kontról. Fariði bara að rífast aftur um símaskrána.

„Viðskiptavild“

En svo muna þeir eftir því hvað það er mikilvægt að vera auðmjúkur og segja: En að sjálfsgöðu munum við læra af þessu.

Og ekki að efa að einhver þeirra hefur í viðtali farið með eftirlætissætningu hrunmanna:

það er auðvelt að vera vitur eftir á. (Er það ekki annars bjálfalegasta setning gjörvallar íslenskrar tungu? Menn sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa og þiggja fyrir það há laun eiga að vera vitrir fyrirfram en ekki eftir á.)

Megnið af þessari tapupphæð tengist útrásarfyrirtækjunum alræmdu og fjáraustri lífeyrissjóðanna í dauðadæmd bólu-fyrirtæki á borð við FL-group og Exista (sem ennþá á fyrirtækið já.is sem gerði sig að fíflí í vikunni með plástrinum á símaskrána).

Þar vakna eðlilega spurningar um tengsl stjórnarmanna þessara almennasjóða við slíkt aflendingafyrirtæki og afskriftameistara íslensku bankanna – ferðalög og gýlgjafir og aðra „viðskiptavild“; þau óformlegu samskipti sem íslenskir viðskiptamenn tömdu sér á hrunárunum og verða kannski illrekjanleg. Um þetta er því miður ekkert fjallað í téðri skýrslu. En getum við ekki bókað það að töluvert af lífeyri landsmanna hafi ratað í aflöndin á reikningana hjá öðrum ránsfeng?

Lífeyrissjóðirnir geyma peninga íslensks launafólks. Þetta eru peningar sem sóttir eru til íslenskra launamanna – og oft af miklu harðfyllgi. Þetta

er skattheimta, sem við höfum ekkert um að segja hvernig ráðstafað er, nema við erum fullvissuð um að sú ráðstöfun miðist við bestu hugsanlega ávöxtun. Við erum fullvissuð um að fagleg sjónarmið ráði för þegar lífeyrissjóðirnir neita að taka þátt í skuldaleiðréttingum. Fagleg já. Miklum fjárhæðum var hent í Glitni eftir að fyrir lá hvert stefndi – en það var að sjálfsgöðu ein-göngu til að fá bestu hugsan-

virðist einhvers konar keisari í þessu kerfi, koma í sjónvarpið til þess að tilkynna okkur um ákvarðanir sínar og sinna manna um það hvað beri nú að gera í landinu; hvaða vegi skuli leggja og hvaða göng skuli sprengja – og hver ekki – og maður hugsar: Hver kaus hann? Er þetta ekki formaður samtaka fiskvinnslustöðva? Af hverju ræður hann yfir lífeyrissjóðunum?

Helgi Magnússon stjórnar-

í Rússlandi og þær jafnaðar-hugmyndir sem liggja til grundvallar þjóðfélagsuppbyggingunni þar og en taldi skattheimtu að hætti norrænna landa vera argasta sósíalisma. Þetta var eins og skrifað af frambjóðanda Repúblikana-flokksins í forsetakosningunum í Bandaríkjunum.

Auðvitað er fínt af umsvifamikill fjárfestir á borð við Helga Magnússon deili með okkur sýn sinni á samfélagið – sem er sú að auðmenn eigi að græða og gera það sem þeim sýnist við sína nokkurn veginn skattfrjálsa tekjur – en maður spyr sig óneitanlega þeirrar spurningar hvort ráðlegt sé að maður með slík viðhorf og slíkan samfélagsþroska hafi svo mikið að segja yfir þeim peningum sem teknir eru af okkur launafólki.

Það má vera rétt sem þeir láta á sér skilja helstu talsmenn þessa kerfis, að þessum fimmhundrað milljörðum hafi verið tapað af geysilegri þekkingu og fagmennsku. Jafnvel að allt hafi þetta verið með ráðum gert.

Sjálfur verð ég þó að segja, að ég væri til í að fá sjálfur til umráða það fé sem þessir sjóðir taka af mér og setja það í Lottóið – kæmi það ekki betur út?

Par vakna eðlilega spurningar um tengsl stjórnarmanna þessara almennasjóða við slíkt aflendingafyrirtæki og afskriftameistara íslensku bankanna – ferðalög og gýlgjafir og aðra „viðskiptavild“, þau óformlegu samskipti sem íslenskir viðskiptamenn tömdu sér á hrunárunum og verða kannski illrekjanleg.

legu ávöxtun. Við eigum að trúa því að viturlagt hafi verið að taka þátt í ævintýrum Hannesar Smárasonar og Bakkabræðra. Við eigum að trúa og treysta.

Hver kaus hann?

Með vissu millibili fáum við að sjá Arnar Sigurmundsson, sem

formaður í Lífeyrissjóði verslunarmanna er annað gott dæmi um þá menn sem þarna hafa komist til valda og áhrifa; sú glögga og stálminnuga Lára Hanna Einarsdóttir rifjaði upp á dögnum á bloggsíðu sinni grein sem hann skrifaði seint á síðasta ári þar sem hann rómaði mjög skattastefnuna

Erum við verri en annað fólk?

Samfélagsmál

Kristín Þorsteinsdóttir

fv. fréttamaður



Ég hef fengið tækifæri til að Ébúa í nokkrum ólíkum löndum og kynna öðrum þjóðum. Í grófum dráttum er stóri lærdómurinn af því sá að fólk er nokkurn veginn eins hvar sem það elur manninn.

Aðstæðurnar eru að vísu ólíkar en ég held að hlutfallið af alls kyns frávikum sé álíka. Þess vegna er erfitt að trúa því að fólk með glæpahneigð sé fleira á Íslandi en í öðrum löndum. Ég trúi ekki að við séum verri en annað fólk.

Við höfum samt búið til hlutfallslega stærsta saksóknaraembætti í heimi. Saksóknarinn grunar hundruð karla og kvenna um alvarlega glæpi. Ef grunsemdirnar reynast réttar sýnist mér að átt hafi sér stað stökubreyting í almennri glæpahneigð, sem varla á sér hliðstæðu í mannlegu samfélagi.

Ef rétt reynist held ég að úrlausnarefnið sé aðeins að litlum hluta lögfræðilegt. Það er miklu frekar á sviði mannfræði, sálfræði, stjórnmálafræði, félagsfræði, sagnfræði, hagfræði, heimspeki, faraldsfræði, geðlæknisfræði eða slíkra greina.

Hvað veldur þessu mikla frávik? Hvernig gat það gerst að allt í einu varð til stór hluti heillar kynslóðar menntafólks, sem daglega framdi glæpi í vinnunni? Fólkíð af kynslóðinni sem fékk öll tækifærin. Kunni fræðin og talaði tungumálin.

Ég held að dómstólar búi ekki yfir sérstakri þekkingu til að svara þessum spurningum svo að gagni komi.

Þegar ég bjó í Afríku kynntist ég mannfræðingum. Þeir leituðust við að varpa ljósi á hið stóra samhengi hlutanna í framandi umhverfi. Þeir reyndu að greina menninguna og varpa ljósi á það óvenjulega – frávikin, og sjá hvað olli þeim.

Þetta fólk byggði fræðandi og skemmtileg samtöl um hversdagsleg mál í umhverfinu á rannsóknum á einstaklingum, hópum og heilum samfélögum. Síðan raðaði það saman trúverðugri heildarmynd.

Ég ímynda mér að þeirra aðferðir gætu hjálpað til við að greina það sem gerðist á Íslandi. Þau gætu fyllt upp í hluta þeirrar brotarkenndu myndar sem við okkur blasir. Þannig gætum við lært af mistökunum og deilt lærdóminum með umheiminum.

Bankar hrundu í löndunum allt í kringum okkur. Flestum var að vísu bjargað í krafti stærðar heimalanda sinna. Útlend bankakerfi voru ekki vaxin heimahagkerfum yfir höfuð eins og á Íslandi þó að litlu munaði sums staðar.

Innan veggja útlendu bankanna voru, eins og á Íslandi, augljóslega

teknar margar kolrangar ákvarðanir. Þess vegna fór sem fór. Samt hef ég ekki orðið vör við að fólkíð sem vann í þessum útlendu bönkum sé á sakamannabekk í stórum stíl.

Drögum úr lögreglurannsóknar- og dómstólaþrasi, sem er allt að drepa úr heift og leiðindum. Verjum kröftunum þess í stað í að átta okkur á hvað fór úrskeiðis í raun og veru og fáum til þess fólk sem er sérhæft í að kryfja samfélagið og mannlega hegðun. Vinna saksóknarans getur orðið hluti af þessu verkefni. Það getur ekki verið að allt í einu hafi fjöldi glæpamanna á Íslandi margfaldast og lausnir felist í að dæma sem flesta til tugthúsvistar.



Drögum úr lögreglurannsóknar- og dómstólaþrasi, sem allt er að drepa úr heift og leiðindum.



Baunagrasið í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnrir

Gói og Baunagrasið

Ævintýrið heldur áfram með spennu og töfrum leikhússins

Frumstýnt 11. febrúar 2012 - Forsala í fullum gangi!

lau. 11/2	KL. 13:00	UPPSELT FRUMSÝNING	sun. 19/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
sun. 12/2	KL. 13:00	UPPSELT	lau. 25/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
sun. 12/2	KL. 14:30	UPPSELT AUKASÝNING	sun. 26/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
lau. 18/2	KL. 13:00	örfá sæti laus			

ATHUGIÐ TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

BAUNA GRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



1, 2, 3... og svo allir af stað!
FORSKOT Á SUMARIÐ

SÉRSTAKT KYNNINGAVERÐ Á SUMARÁFANGASTÖÐUM **Í 24 KLST**

HEFST STUNDVÍSLEGA Í DAG KL. 12:00

SUMARÁFANGSTAÐIR ÚRVALS ÚTSÝNAR ERU KOMNIR Í SÖLU OG AF ÞVÍ TÍLEFNI BJÓÐUM VIÐ SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ Í SÓLARHRING! VERTU Í VIÐBRAGÐSTÖÐU OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á ÞESSU FRÁBÆRA VERÐI ÞVÍ SALAN HEFST Á HÁDEGI Í DAG.

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

TRYGGÐU
ÞÉR SÆTI
Á ÞESSU
FRÁBÆRA
VERÐI!

ÚRVAL-ÚTSÝN



MALLORCA

LOKSINS AFTUR!

Mallorca hefur löngum stimplað sig inn sem eitthvað meira en bara sólarströnd. Þar getur þú verið alvöru ferðamaður, farið í verslunarmiðstöðvar, vatnsrennibrautagarða eða nýtt þér "tveir fyrir einn" tilboð á barnum. Svo er hægt að skoða náttúruvegurðina í fjöllum, afskekktar strendur og smábæi heimamanna. Gaman að keyra um sveitirnar, sjá bændur að stórfum og drekka nýkreistan ávaxtasafa í litlum kofa á hæsta tind. Mallorca er góður staður fyrir alla og loksins kominn aftur í sölu.

VERDDÆMI:

89.900 KR*

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í viku á fjögurra stjörnu hóteli Royal Playa de Palma í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 29. maí - 7 nætur.



ALMERÍA

FALDA PERLA MIÐJARÐARHAFSINS

Sólríkar strendur, hvítköluð hús, nautaat og seiðandi flamenco-tónlist. Öll þessi sérkenni spænskrar menningar tilheyra næststærsta héraði Spánar, Andalúsíu. Fyrir utan einstaka veðurblíðu og fallegar strendur er þar að finna fjölbreytt landslag, sterka menningu og elsकुलेgt fólk. Í austurhluta héraðsins og við Miðjarðarhafið stendur borgin Almería. Allt í kringum Almería er fjöldi lítilla þorpa, hvert með sitt einkenni og sjarma. Frábær sumarfangastaður fyrir alla fjölskylduna!

VERDDÆMI:

89.900 KR*

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í viku á hóteli Pierre Vacances í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Brottför: 19. júní - 7 nætur.



ALBIR

VINALEGUR SMÁBÆR SEM INNIHELDUR ALLT

Albir er vinalegur smábær rétt fyrir utan Benidorm. Öll fjölskyldan tekur ástföstri við staðinn sem skartar einstöku andrúmslofti og þar er hægt að eiga friðsæla daga. Á Albir er hægt að finna allt þar sem maður getur hugsað sér þegar slappað er af á sólarströnd. Vatnsrennibrautagarðar og skemmtigarðar í bland við falleg kaffihús og iðandi mannlíf. Á aðra höndina er Miðjarðarhafið og sólstrendur og á hina ris fjallahringur með yndislegum þorpum og ógleymanlegum ævintýrum.

VERDDÆMI:

89.900 KR*

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í viku á hóteli Las Terrazas del Albir í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 14. júlí.



BENIDORM

STAÐUR SÓLDÝRKENDA

Benidorm er öllum sóldýrkendum vel kunn enda einn vinsælasti áfangastaður sóldýrkandi Evrópubúa. Benidorm sameinar fjöruget strandlíf og viðfrægt næturlíf og þangað flykkist fólk til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér. Rétt ofan við Benidorm er Terra Mitica, glæsilegur fjölskyldu- og skemmtigarður. Í garðinum er fjöldi leiktækja, glæsilegra veitingastaða og hápunkturinn fyrir þá hugrókku er svo einn stórkostlegasti rússibani Spánar.

VERDDÆMI:

89.900 KR*

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í viku á Paraiso Centro í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 14. júlí - 7 nætur



TENERIFE

FEURST ALLRA Á KANARÍ

Tenerife sker sig út fyrir einstakt náttúrufar, veðursæld, hreinleika og góðan aðbúnað. Eitt stærsta safn páfagauka og mörgæsa heims er að finna í Loro Parque þar sem hægt er að komast í návígi við tigrisdýr, gófillur og krókódila frá Afríku. Við bjóðum upp á ferðir upp á vinsælustu staða eyjunnar, Playa de las Americas og Costa Adeje. En þar er einnig að finna einn stærsta vatnsrennibrautagarð Evrópu, Siam Park. Á Tenerife getur m.a. spilað 18 holu golf, farið í Go-kart, köfun eða verslað hagstætt í verslunarmiðstöðvum.

VERDDÆMI:

99.900 KR*

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í viku á Parque de las Americas í íbúð með einu svefnherbergi. Brottför: 25. júlí.

Skýrslu Hagfræðistofnunar verulega ábótavant

Fjármál

Skúli Sveinsson

lögfræðingur og viðskiptafræðingur



Nýverið birti Hagfræðistofnun Háskólans skýrslu sína um tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna varðandi almenna niðurfærslu lána sem nefnd er: „Greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána“.

Strax er ljóst af lestri skýrslunnar að gríðarleg mistök voru gerð þegar lánasöfn föllnu bankanna voru flutt yfir í nýju bankana. Augljóst er að lánasöfnin voru verulega ofmetin og allt of dýru verði keypt.

Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, gerði samkomulag við skýrsluhöfunda sem bundu hendur þeirra við að leggja heilstætt mat á kostnað og ábata af tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna. Undrun sætir að fræðimenn taki að sér slíkt verkefni í ljósi þeirra takmarkana sem Jóhanna Sigurðardóttir hefur á þá sett. Tilgangur þess að setja slíka hlekk á skýrsluhöfunda er augljóslega sá að koma í veg fyrir að þeir leggi heilstætt mat á væntanleg jákvæð áhrif tillagna sem afsetja hinn beina kostnað.

Ótrúlegt er að sjá hvernig þessi skýrsla er unnin, hroðvirknisleg og með bæði staðreynda- og ályktanavillum. Höfundar skýrslunnar gefa sér t.d. meira pláss í að fjalla um eigin vangaveltur um hvernig hafa má hendur í hári skattsvikara heldur en tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna í heild sinni.

Einnig virðist Hagfræðistofnun vera farin að leggja mat á lögfræðileg álitæfni sem stofnunin ætti að eftirláta öðrum að fást við enda er ekki annað að sjá en lögfræðipækkingu skýrsluhöfunda sé verulega ábótavant. Til dæmis er nefnt í skýrslunni að ef gengið er á rétt kröfuhafa þá væri slíkt brot á jafnræðisreglu. Það er rangt, hið rétta er að slíkt gæti hugsanlega verið brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Viðurkennt er að löggjafinn hefur heimild til að hnika til réttindum manna með

ákveðnum hætti ef það er gert á málefnalegan hátt og látið jafnt yfir alla ganga, sérstaklega ef aðstæður kalla á brýnar aðgerðir. Þetta er staðfest m.a. í nýlegum dómi Hæstaréttar í Neyðarlagamálinu svokallaða. Einnig má benda á að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirláta eigi aðildarríkjum verulegt svigrúm þegar kemur að eignarétti þó menn geti hver haft sína skoðun á því hve mikið svigrúmið á að vera.

Ályktun skýrsluhöfunda um að ekki sé heimilt að ganga á hlut kröfuhafa er því einfaldlega ekki rétt. Við slíka óvissu hefði verið faglegt af skýrsluhöfundum að setja upp tvær sviðsmyndir, annars vegar þar

Ótrúlegt er að sjá hvernig þessi skýrsla er unnin, hroðvirknisleg og með bæði staðreynda- og ályktanavillum.

sem heimilt væri að ganga á rétt kröfuhafa og hins vegar þar sem slíkt væri ekki talið heimilt og kostnaðurinn félli á ríkissjóð. Það var hins vegar ekki gert.

Hagfræðistofnun horfir svo alfarið fram hjá þeirri staðreynd að lánasöfn bankanna eru ekki í góðu ástandi í dag vegna mikilla vanskila. Niðurfærslu lánanna fylgir aukin greiðslugeta sem einnig örvar hagkerfið í heild og er því til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á það sem eftir stæði af eignum bankanna og gera þær verðmætari. Einnig er í skýrslunni horft framhjá því að hluti og jafnvel verulegur hluti hinnar hugsanlegu niðurfærslu er sennilega hvort eð er tapað fé.

Í ljósi þessara vankanta á skýrslunni verður hún ekki lögð til grundvallar. Nauðsynlegt er því að gera heilstæða rannsókn á tillögum Hagsmunasamtaka heimilanna sem taka alla þætti málsins til skoðunar áður en að niðurstöðu er hrapað. Annað væri óvirðing við þær þúsundir sem skrifað hafa undir áskorum samtakanna til stjórnvalda.

Áskorun réttarkerfis og samfélags

Kynferðisbrot

Halla Gunnarsdóttir
aðstoðarmaður
innanríkisráðherra



Róbert R. Spanó
forseti lagadeildar HÍ



Virðingin sem mér var sýnd! Ég bar ekki virðingu fyrir sjálfri mér og að mér skyldi sýnd þetta mikil virðing og vinsemd, það fékk mig til að hugsa: „[...] Þau koma fram við mig eins og ég sé eðlileg. Eitthvað hræðilegt átti sér stað en ég fæ móttökur eins og ég sé eðlileg!“ Og smátt og smátt varð ég sjálfsvöruggari og fannst ég ná stjórn að nýju.“

Ofangreind orð hefur Liz Kelly, prófessor við London Metropolitan University, eftir konu sem kærði mann fyrir nauðgun. Maðurinn var sýknaður en konan hafði engu að síður afar jákvæða upplifun af réttarkerfinu. Til samanburðar bendir Kelly á upplifun konu í máli þar sem sakborningur var fundinn sekur en konan var engu að síður niðurbrotin þegar málinu lauk vegna upplifunar af réttarkerfinu.

Liz Kelly var meðal átta fyrirlesara á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota sem innanríkisráðuneytið og Lagadeild Háskóla Íslands stóðu fyrir í samvinnu við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Evrópuráðið föstudag 20. janúar sl. Um tvö hundruð manns tóku þátt í ráðstefnunni og þar á meðal voru fræðimenn, lögglumenn, dómarar, saksóknarar, lögmenn, brotáþolar, starfsfólk barnaverndar og fulltrúar grasrótarsamtaka.

Barnvinsamlegt réttarkerfi

Í fyrsta hluta ráðstefnunnar var fjallað um sáttmála Evrópuráðs-

ins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Einnig var fjallað um svonefndar barnvinsamlegar réttarreglur. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í meðferð kynferðisbrota gegn börnum. Réttarkerfið var vitanlega ekki upphaflega þannig úr garði gert að því væri yfirleitt ætlað að taka á móti börnum en smám saman hefur það þróast til barnvinsamlegrar vegar og er lítið til Íslands sem fyrirmyndar í þeim efnum, ekki síst með tilkomu Barnahúss. Réttarvernd barna hefur aukist á Íslandi og smám saman er verið að skapa farveg fyrir börn til að greina frá ofbeldi sem þau verða fyrir. Lokatakmarkið er þó enn fjarri en hvert skref í rétta átt er þýðingarmikið.

Í öðrum hluta ráðstefnunnar var fjallað um meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins og kom þar meðal annars fram að lagabreytingar kunna að hafa takmörkuð áhrif til þess að auka réttarvernd brotáþola nauðgana ef viðhorfsbreyting fylgir ekki með. Viðhorf samfélagsins endurspeglir á öllum stigum meðferðar nauðgunarmála. Þannig sýna alþjóðlegar rannsóknir að mestar líkur eru á að sakfelld sé í nauðgunarmálum sem bera einkenni þeirrar staðalímynda sem ríkja um nauðganir, t.d. þar sem gerandinn er ókunnugur þólandanum og/öðla líkamlegu ofbeldi er beitt. Liz Kelly benti hins vegar á að nauðganir væru mun hversdagslegri en margir gerðu sér í hugarlund. Þær ættu sér oftast stað milli fólks sem þekktist og margfalt oftar en flestir vildu þora að trú. Í þriðja hluta ráðstefnunnar var boðið upp á þrjár málstofur þar sem fulltrúar fræðisamfélagsins, réttarvörslukerfisins og frjálsra félagsamtaka leiddu saman sjónarmið sín um meðferð kynferðisbrota. Þannig var fjallað um samspil barnaverndarkerfisins og réttarvörslukerfisins, hvað leiði til

ákæru í nauðgunarmálum og um trúverðugleika og sönnunarmat.

Traust og bætt réttarvernd

Kynferðisbrotamál eru mikil áskorun fyrir réttarkerfið – og samfélagið í heild sinni – hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Sé lítið til tölfræðinnar hér á landi þá leita hundruð barna, kvenna og karla sér aðstoðar á ári hverju vegna kynferðisofbeldis. Hlutfallslega hljóta fá mál meðferð fyrir dómstólum og má því færa rök fyrir því að réttarkerfið nái aðeins að litlum hluta utan um þessi brot. Með ráðstefnu sem þessari er reynt að varpa ljósi á það hvers vegna svo er. Hugsanlega má með því móti finna leiðir til að auka réttarvernd brotáþola kynferðisofbeldis. Réttarvernd sakborninga er einnig meiri ef traust ríkir um meðferð brotanna innan réttarkerfisins og að hverju sinni sé grundvallarreglum stjórnarskrár og laga fylgt. Loks er afar mikilvægt að gerðar séu virkar ráðstafanir til að efla forvarnir með aukinni fræðslu og vitund um eðli þessara mála.

Það hlýtur að vera markmið allra sem að þessum málum koma að upplifun brotáþola af því að leita réttar síns sé sambærileg því sem konan sem vitnað er til í upphafi þessarar greinar lýsir. Þannig má byggja upp traust um að allt sé gert til að leiða fram sannleikann og þannig geta brotáþolar betur unnið úr reynslu sinni, hver sem niðurstaða málaferla er.

Innanríkisráðuneytið og Lagadeild Háskóla Íslands munu halda áfram samstarfi til að stuðla að opinni, gagnrýnni og uppbyggilegri umræðu um meðferð kynferðisbrota innan réttarkerfisins og vilja þannig leggja sitt af mörkum til áframhaldandi vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi í íslensku samfélagi. Ráðstefnan sem hér er vitnað til bar þess merki að ríkur vilji sé til slíks samtals en það eitt og sér er mikilvægur áfangi á langri vegferð.

Sujud er orðin þriggja ára

Hernaður Ísraela

Ari Tryggvason
félagi í Íslandi-Palestínu



Hún fæddist í Zeitun á Gaza-Ströndinni og tilheyrir Samuni ættinni. Fyrir þremur árum fæddist þetta barn, saklaust, óafvitandi um aðstæðurnar sem hún fæddist í. Dagurinn var 8. janúar 2009 á 13. degi 22 daga árása Ísraelskers á Gaza. Sujud fæddist fyrir tímann. Þremur dögum fyrr, 5. janúar voru 29 nánir ættingjar móður hennar, Nawal Samuni drepnir. Ísraelsker drap alls 48 meðlimi Samuni ættarinnar þennan dag.

Sársaukinn er meitlaður í andlit Nawal þegar hún lýsir þessu fyrir blaðamanni El Mundo, Rosa Meneses. Sársaukinn hverfur ekki við að segja frá honum. Hann dvelur áfram innra með hinni ungu móður sem var tvítug þegar hún fæddi Sujud, sársauki sem andlitið getur ekki falið.

Ný innrás í undirbúningi?

Er nýtt stríð gegn Gaza í undirbúningi? Í fréttum RUV 3. janúar segir að svo sé. Hershöfðinginn Tal Hermoni segir að herinn sé reiðubúinn fyrir stórfellda innrás á Gaza, sem „fyrirbyggjandi“ aðgerð, styttra en öflugra stríð. Þetta er framhald fréttar frá því 28. desember. Þar segir hershöfðinginn Benny Gantz að nýtt stríð verði ekki umflúið en hann bar lof á árangur stríðsins fyrir þremur árum, „það tókst fullkomlega“. Þessi árangur á eitt þéttbýlasta svæði veraldar felst í því að 20

þúsund byggingar voru eyðilagðar; heimili, verksmíðjur, bænda-býli, bænahús og skólar voru jafnaðir við jörðu. „Ísraelar frömdu þar alvarlega stríðsglæpi m.a. með því að ráðast á stöðvar Sameinuðu Þjóðanna þar sem flóttafólk hafði leitað skjóls og með því að beita fosfór-íkveikjuspengjum. 1.387 Palestínnumenn voru drepnir, þar af voru 773 óvopnaðir óbreyttir borgarar, aðallega konur og börn. 257 börn yngri en 16 ára gömul voru drepin. 5.500 voru særðir, meira en 700 konur og 1.800 börn hafa þurft langtíma læknishjálp og endurhæfingu sára sinna.“

Hver er framtíð Sujud, verður hún drepin í næstu innrás? Þar sem „fælingarmáttur“ stríðsins fyrir þremur árum hefur dvínad verður önnur umferð ekki umflúin samkvæmt orðum Benny Gantz, yfirmanni ísraelska herafllans. Það verður að vera sársaukafullt leifturstríð. Það er sem sagt raunveruleg hættu á því að móðir Sujud, hin 23 ára Nawal, þurfi að ganga í gegnum nýtt helvíti. Fleiri úr Samuni ættinni gætu verið drepnir, særðir eða örkuðlaðir.

Gaza og Íran

Samhliða árásum Ísraela gegn Gaza, „Operation Cast Lead“ fyrir þremur árum, sendi Pentagon 100 „US-European Command“ (EUCOM) hernaðarsérfræðinga til að aðstoða Ísraela við uppbyggingu nýs, háþróaðs radarvarnarkerfis sem hluta nýrra sameiginlegra eða samofinna loftvarna, svokallað „X-band early warning radar system“. Meðan athygli fjölmiðla beindist að Gaza bar lítið sem ekkert á þessari mikilvægu hernaðaraðgerð. Opinbera skýringin var sú að stjórnin í Tel

Aviv hafi beðið um þessa aðstoð, sem vörn gegn hugsanlegri eldfloausgárás frá Íran. (M. Chossudovsky, Global Research, 23. des. 2011)

Hvað er í gangi núna? Miklar væringar milli Íran og vestræna ríkja, þá sérstaklega Bandaríkja-anna-Ísrael. Á sama tíma hóta fulltrúar Ísraelskers nýjum aðgerðum gegn Gaza.

Leyniskyttur skjóta á drengi við störf sín

En það eru alltaf aðgerðir í gangi. Neyðin yfir ungum mönnum til að afla sér tekna með öllum tiltækum ráðum eins og að safna steypubrotum úr hrundnum húsum. Innflutningur á sementi, járn og öðru til byggingaframkvæmda er mjög takmarkaður, nægir einungis fyrir um 5% af endurbyggingarþörfinni. Með sama áframhaldi tæki 78 ár að endurbyggja Gaza. Drengirnir sem reyna að afla sér tekna með söfnun byggingarefnis setja sig í mikla hættu. Breski lækurinn David Halpin tók saman mál 23 drengja sem höfðu orðið fyrir skoti ísraelskra leyniskyttna á tímabilinu 26. mars 2010 til 23. desember sama ár við þessa iðju. Leyniskyttturnar miða sérstaklega á útlimi. Flest skotsárin voru á fótleggjum, einstaka á handleggjum og í síðuna. (David Halpin, Global Research, 20. jan. 2011) Það sem hér hefur verið tíundað er algert brot á Genfarsáttmála nr. 1957 þar sem stríðsglæpamenn verða að svara til saka fyrir brot sín. Höfum það í huga að stjórnvöld í Tel Aviv gera ekkert nema fá grænt ljós frá stjórninni í Washington, hvort sem það er árást á Gaza eða á kjarnorkuver Írana.



Hefst sunnudaginn 12. febrúar



Muffins koma í hinum ýmsu útfærslum. Til dæmis er hægt að kaupa muffinsform úr sílíkoni sem líta út eins og bollar og með þeim fylgja undirskálar úr plasti. Óneitanlega flott á borði.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Myndlistarvörur í miklu úrvali !

LISTALAGERINN
JARN&GLER
Skúlvogur 1h (Barkavogsmegin)
104 Reykjavík s: 58 58 900
www.jarn&gler.is - jarn&gler@jarn&gler.is



Gunnar Hafsteinn Ísleifsson hannaði stálburðarvirki Kristalsins við höfnina í Kaupmannahöfn.

Besta stálhönnun í Evrópu 2011

Þetta er óneitanlega mikill heiður fyrir mig og ég er mjög stoltur," segir Gunnar Hafsteinn Ísleifsson verkfræðingur. Hann hlaut verðlaun European Convention for Constructional Steelwork, ECCS, fyrir bestu stálhönnun í Evrópu árið 2011 fyrir hönnun sína á stálburðarvirki byggingarinnar Kristalsins sem stendur á Kalvebod Brygge í Kaupmannahöfn og vígð var 13. mars 2011.

FRAMHALD | 2



MYND/SCHMIDT HAMMER LASSEN ARCHITECTS.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

NÝ glæsileg
RÚMTEPPASETT

Gerð gæða-
og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

12 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 8. febrúar



Frá ECCS-verðlaunaafhendingunni. Gunnar Hafsteinn er sá þriðji frá vinstri í hópi nokkurra vinnufélaga og fulltrúa arkitekta, verktaka og eigenda byggingarinnar.



Gunnar Hafsteinn Ísleifsson verkfræðingur.

Framhald af forsiðu

„Sem sérfræðingur verkfræðifyrirtækisins Grontmij A/S var ég ábyrgur fyrir hönnun stálburðarvirkisins í byggingunni,“ segir Gunnar. „Og það var nú einmitt hönnun stálburðarvirkisins sem var verðlaunuð af ECCS, þannig að ég kalla þetta stoltur bygginguna mína. Þess má geta að byggingin var enn fremur verðlaunuð í haust af LEAF, Leading European Architects Forum, fyrir „Best Structural Design of the Year“ en arkitektar hennar voru Schmidt Hammer Lassen architects.“

Gunnar hefur verið búsettur í Danmörku í tuttugu ár, fór þangað í verkfræðinámi að loknu tæknifræðinámi hér heima og flentist. „Ég er samt alltaf Íslendingur og konan mín er íslensk þannig að við lítum enn á okkur sem íslenska fjölskyldu,“ segir hann.

Byggingin hefur vakið mikla athygli innan og utan Danmerkur og þykir falla einstaklega vel inn í umhverfið við höfnina, auk þess að vera meistaralega hönnuð. Burðarvirkið er stálgrind, hönnuð af Gunnari, og eitt af því sem



Kristallinn þykir falla einstaklega vel inn í umhverfið við Kalvebod Brygge.

MYND/SCHMIDT HAMMER LASSEN ARCHITECTS.

vekur undrun og aðdáun bæði sérfræðinga og leikmanna er að hún hefur aðeins þrjá þyngdarpunkta. Þetta gerir að verkum að bygg-

ingin virðist úr fjarlægð svífa í lausu lofti eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

fridrikab@frettabladid.is

Fengu verðlaun fyrir nýja sýn á ferðapjónustu á Íslandi

Gíslunn Hálfánardóttir og Mathias Kempton, nemendur við Arkitekta- og hönnunarskólann í Ósló, voru verðlaunuð af Norsku byggingasýslunni fyrir verkefni á sviði sjálfbærrar hönnunar. Verkefnið snérist um að tvinna saman ferðapjónustu og orkuviðnáð á Íslandi.

Verkefni Gíslunnar og Mathiasar ber heitið „National purist routes – Industrial Expansion and Moving Icelandic Landscapes.“ Gíslunn segir verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir framtíðarhorfur verkefnisins þó að of snemmt sé að segja til um hvort það komist í framkvæmd.

„Vonandi verða verðlaunin til þess að vekja áhuga fólks á hugmyndinni. Okkur langar til að geta haldið áfram og kynna verkefnið á Íslandi,“ segir Gíslunn. „Við förum tvær ferðir til Íslands við vinnslu verkefnisins og töluðum við fólk í ferðapjónustu, hjá Landsvirkjun, Háskóla Íslands, Ferðamálastofu og hjá Íslenskri NýOrku. Okkur var alls staðar tekið opnum örmum og við viljum koma þakklæti okkar á framfæri við þá sem tóku á móti okkur,“ segir Gíslunn.

Beðin um að lýsa verkefninu í stórum dráttum segir hún það snúast um möguleikana á að ferðapjónusta og orkuviðnáður geti farið saman frekar en að líta



Sama lönið og Kárahnjúkavirkjun nýtir til raforku, nýtt til framleiðslu á vetni.



Verkefnið gengur út frá því að settar yrðu upp vetnisstöðvar um allt land í tengslum við áhugaverða staði og starfsemi.

MYND/GÍSLUNN HÁLFÁNARDÓTTIR OG MATHIAS KEMPTON



Gíslunn Hálfánardóttir og Mathias Kempton heimsóttu meðal annars Landsvirkjun við vinnslu verkefnisins. Þau segja ferðapjónustu og orkuviðnáð geta vel farið saman.

þeim? Verkefnið gengur í grófum dráttum út frá samvinnu Ferðamálastofu og Íslenskrar NýOrku en að einkaaðilar legðu til bíla og vetnisstöðvar. Stöðvarnar yrðu settar upp um allt land, í samhengi við áhugaverða staði eða starfsemi,“ útskýrir Gíslunn.

Hægt er að kynna sér verkefnið nánar á heimasíðu þeirra www.puristroutes.com

heida@frettabladid.is



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

BYLGJAN
989

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurbur Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen
Sölufulltrúi
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Maríusson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Friðbert Bragason
Sölufulltrúi
Sími 820 6022

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Ástþór Reynir Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Söluverðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter



Íbúðin er í einu best staðsetta húsinu við Naustabryggju.

Íbúð við Naustabryggju

Fasteignasalan Valhöll hefur til sölu glæsilega 150 fm íbúð á tveimur hæðum við Naustabryggju.

Íbúðin er í sérlega vel staðsettri blokk sem eingöngu eru fjórar íbúðir í. Íbúðinni fylgja tvö stæði í lokuðu bílskýli. Tvennar svalir eru í íbúðinni, annars vegar stórar 30 fm suðursvalir og hins vegar litlar svalir sem snúa til norðurs með glæsilegu útsýni. Hátt er til lofts í íbúðinni sem gerir hana sérlega sjarmerandi, þá er innbyggð lýsing í loftum og veggjum.

Komið er inn í flísalagt anddyri með skáp. Flísalagt baðherbergi með sturtu og innréttingu. Gott parketlagt barnherbergi með skáp. Góð hjórt stofa og borðstofa, en frá stofu er yndislegt útsýni. Eldhús er opið með góðri viðarinnréttingu og vönduðum tækjum. Inn



Hátt er til lofts í íbúðinni sem gerir hana sérlega sjarmerandi. af eldhúsi er þvottahús og frá eldhúsi er gengið út á stórar suðursvalir. Á sér gangi er hjónaherbergi með góðum skáp og annað jafn stórt herbergi.

Í holi er stigi upp í ris og er það notað sem sjónvarpshol, þar eru að sögn seljanda um 15 fm sem ekki eru skráðir. Geymslur eru undir súð.

Öll sameign til fyrirmyndar bæði úti og inni, að utan er húsið klætt. Innangengt er í bílskýlið.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmót fasteigna.
Pendo.is – 588 1200



heimili FASTEIGNASALA

530 6500

Suðurlandsbraut 22
Opíð mán. – fös. frá kl. 9-17
www.heimili.is



Bogi Molby Pétursson
Lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
Lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari.



Ásdís Írena Sigurðardóttir
Skjalagerð



Guðstaf Adólf Björnsson
Lögg. fasteignasali



Draumahæð - Endaraðhús.
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður. V. 47,5 m. Möguleg skipti á minni eign. Sölusýning í dag frá kl 17:30 - 18. Sölumaður á staðnum.



Lómasalir 7 - Opíð hús
Gott vel innréttað 190 fm parhús með innbyggðum bílskúr. parket og flisar á gólfum og eikarinnréttingar. V. 52,5 m. Góð áhvaillandi lán. Möguleg skipti á minni eign í hverfinu. Húsið er til sýnis í dag kl 18-18.30



Logafold - einbýli á einni hæð
Gott 170 fm einbýli með innbyggðum 24 fm bílskúr. Fjögur góð herbergi og fallegur garður með sólpöllum, stórt hellulagt upphitað bílapalan. V. 51,0 m.



Laufengi - 4ra herb.
Vel skipulögð 110 fm endaíbúð á jarðhæð. Þrjú góð svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar. Sérinnangangur, sérgarður og hellulögð verönd. Stutt í alla þjónustu. V. 25,5m.



Tröllakór - 2ja herb.
Stór vönduð 85 fm íbúð með sérinnangangi og stórum svölum. Vönduð tæki og innréttingar. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. V. 21,9 m.



Reykjahvoll - Fallegt einbýli.
Fallegt vandað 250 fm einbýlishús á eignarlóð á einstökum stað. Húsið er á einni hæð stendur hátt á glæsilegum útsýnisstað. Möguleg skipti á minni eign. V.77,5 m



Sævargarðar 18 - Seltjarnarnesi.
Mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Áhv. mjög hagstæð lán. V 54 m. **OPÍÐ HÚS NÆSTKOMANDI SUNNUDAG FRÁ KL 15:30 – 16:00.**



Breiðavík - 4ra herb + bílskúr.
Góð 111 fm útsýnisíbúð efstu hæð í lyftuhúsi ásamt bílskúr 25 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar. Einstakt útsýni. Laus fljótlega.



Þrymsalir - tvær íbúðir.
Vandað einbýli með tveimur íbúðum. Neðri hæð um 135 fm og efri hæð 270 fm með bílskúr. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Góð staðsetning í jafri byggðar.



Þórsberg 6
Góð 80 fm 2ja-3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Sérinnangangur, sólpallur og vandaðar innréttingar og gólfefni.



Berjarími - 95% lán.
Góð 80 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði og sólpalli. Gott skipulag og þvottahús innan íbúðar. V. 19,9m.



Barmahlíð - sérhæð með bílskúr.
Vel skipulögð neðri sérhæð ásamt bílskúr. Þrjú rúmgoð herbergi og stofa. Tvennar svalir í suður og norður. Stór sameiginlegur sólpallur. Góð staðsetning í Hlíðunum. Verð 34,9 m



Kamsvegur - Lítil útborgun.
Rúmgoð og björt 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu litlu fjölbýlishúsi byggðu árið 1980. Yfirtakanleg 22,4 m. V. 25,9 m.



Hraunbær - 4ra herb
